Stökktu í Hornvík um helgina!
Tilboð á 4 daga ferð
Einnig dagsferðir í Vigur, Hornvík, Kaldalón, Aðalvík og Hesteyri
www.vesturferdir.is - 456 5111
Vesturferðir

Hornsófi
með
svefnaðstöðu
HÚSGAGNALOFTIÐ
Sími 456 4566 · Skeiði 1 · 400 Ísafjörður

Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 7. júlí 2004 · 27. tbl. · 21. árg.

Úr hitabelti að heimskautsbaug

– Hlynur Þór Magnússon segir frá og ræðir við fjölskyldu sem leitaði friðar á Ísafirði undan ofsóknum fjárkúgara og morðingja í El Salvador (og fann hann). Sjá miðopnu.

SAMKAUP
Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21
SAMKAUP
...gæði og ferskleiki!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Allir nýnemar við Menntaskólann á Ísafirði fá send staðfestingarbréf um skólavist

Stefnir í metaðsókn að skólanum

Að undanförnu hefur mikil umræða farið fram um skólavist í framhaldsskólum vegna mikils fjölda nýnema.

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út að allir nýnemar fái skólavist og þessa dagana eru skólarnir að senda nýnemunum staðfestingu á skólavist þeirra. Nokkuð hefur borið á því að nemendur annarra árganga og aðstandendur þeirra bíði milli vonar og ótta um hvort þeir fái inngöngu í skólann. Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, segist hafa orðið vör við þennan misskilning en ekki sé nein ástæða fyrir aðra nemendur skólans að óttast.

Allir þeir sem létu endurinnrita sig í vor og uppfylla skilyrði til áframhaldandi náms eru skráðir í skólann en aðeins nýnemar fá sent bréf til staðfestingar á skólavist.

„Eftir að nemandi hefur einu sinni verið tekinn formlega inn í skólann lítum við svo á að hann hafi skólavist hjá okkur þar til hann hefur lokið námi, svo framarlega sem hann endurinnritar sig á tilsettum tíma. Við höfum ekki haft fyrir vana að senda nemendum bréf árlega, heldur einungis í fyrsta skipti sem þeir sækja um inngöngu", segir Ólína.

Að sögn Ólínu mun fjöldi nemenda í haust slá öll fyrri met því nú stefnir í að 400 nemenda múrinn verði rofinn aðeins tveimur árum eftir að 300 nemenda múrinn var rofinn haustið 2002.

Menntaskólinn á Ísafirði.

– hj@bb.is

SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Slitlag á Hestfjörð

Slitlag er komið á veginn um vestanverðan Hestfjörð frá Hestfjarðará að Leiti. Að sögn Kristjáns Kristjánssonar, hjá Vegagerðinni á Ísafirði, er um að ræða fyrra lagið af tveimur og verður það seinna lagt á innan skamms. Verktakafyrirtækið Klæðning er að störfum í Hestfirði og er verk þeirra að endurbyggja veginn á 31,5 km kafla frá Kleifum í Skötufirði að Leiti í Hestfirði. Verklok eru 1. nóvember en í samtali við bb.is í síðustu viku sagðist framkvæmdastjóri Klæðningar bjartsýnn á að verkinu yrði skilað fyrir tilsettan tíma ef veðráttan í haust yrði þeim hagstæð.

Stækkar við sig

Níu 2ja manna herbergi með baði voru tilbúin til notkunar hjá ferðaþjónustunni í Heydal í Mjóafirði um síðustu helgi. „Það er stöðug vinna framundan við uppbygginguna“, segir Stella Guðmundsdóttir, ferðaþjónn í Heydal, en næsta verkefni er að reisa eldhús og veislusal. Fjölskyldufyrirtækið Ævintýradalurinn vinnur að uppbyggingu gisti- og veisluaðstöðunnar í gamalli hlöðu og fjósi ásamt því að bjóða upp á snjósleða-, kajak- og hestaferðir.

Heyskapur fyrr á ferð

Heyskapur er fyrr á ferðinni að þessu sinni en gerst hefur í mörg ár, segir Sigurður Jarlsson, héraðsráðunautur Búnaðarsamtaka Vesturlands. Sláttur hófst á Vestfjörðum um miðjan júní mánuð og þar sem vorið var gott eru sprettuskilyrði mjög góð. „Sumarið á undan var gott og veturinn mildur og er því útlit fyrir góð hey hjá bændum“, segir Sigurður. Sauðfjárbændur sem beita fyrir á túnin byrja þó seinna en aðrir bændur.

Mannleg mistök

Mistök starfsmanns Orkubús Vestfjarða í aðveitustöð í Breiðadal í Önundarfirði ollu því að rafmagn datt út á Ísafirði í nokkrar sekúndur á föstudag. Að sögn Jakobs Ólafssonar, deildarstjóra rekstardeildar Orkubúsins, urðu starfsmanninum á mistök við tengingu.

Á fimmta hundrað manns mættu til grillveislunnar sem haldin var þegar útivistarsvæði í víkingastíl var vígt á Þingeyri á laugardag. Ljósmynd: Páll Önundarson.

Útivistarsvæði í víkingastíl vígt á Dýrafjarðardögum

450 manns tóku þátt í grillveislu

Útivistarsvæði í víkingastíl á Þingeyrarodda var vígt á Dýrafjarðardögum á laugardag með grillveislu sem um 450 manns tók þátt í. Aðstaðan er mynduð úr hringleðslu úr grjóti og er 24 metrar í þvermál og 1,30 metrar á hæð með langeldi fyrir miðju, sviði, bekkjum og borðum auk grillaðstöðu. Boðið var upp á fjölbreytt skemmtiatriði en m.a komu nokkrir vestfirskir trúbadorar fram. Harmónikkufélagið tók lagið og Hemmi Gunn var kynnir.

„Fólk virtist mjög ánægt með svæðið og undrandi á því hve miklu hefur verið komið í verk á svo stuttum tíma“, segir Þórhallur Arason einn af forsvarsmönnum framkvæmdarinnar, en bygging aðstöðunnar tók rétt rúmar fjórar vikur.

Langeldur er í miðju hringleðslunnar.

Bygging hátíðarsvæðisins er fyrsti áfanginn í verkefni um menningartengda ferðaþjónustu sem byggir á Gísla sögu Súrssonar. Áhugamannafélagið Víkingar á Vestfjörðum stendur fyrir framkvæmdinni og er áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga verksins rúmar 4 milljónir króna. Fjölmargir sjálfboðaliðar lögðu hönd á plóg við verkið.

– thelma@bb.is

Menntaskólinn á Ísafirði

Nær öllum nýnemum tryggð skólavist

Menntamálaráðuneytið hefur sent frá sér tilkynningu þar sem segir að af gefnu tilefni vilji ráðuneytið upplýsa að nú hafi nánast allir nýnemar fengið boð um skólavist í haust. Segir að örfáar umsóknir séu óafgreiddar og þeim nemendum verði tryggð skólavist í byrjun ágúst.

Eldri nemendur, sem hætt hafi námi og vilji hefja nám að nýju, komist í framhaldsskólana eftir því sem pláss leyfi á hverri námsbraut. Ráðuneytið vill ítreka að hér sé ekki um breytingu að ræða frá því sem verið hefur. Nýnemar hafi ávallt gengið fyrir við innritun.

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari, segir þetta góðar fréttir. Í haust verða nýnemar við Menntaskólann því 139 talsins, sem þýðir að nemendum við skólann hefur fjölgað um 30% síðustu tvö skólaár.

Styrkir gerð kvikmyndar um ímyndarsköpun

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt styrk að upphæð 165 þúsund krónur til gerðar heimildarmyndar um ímyndarsköpun tveggja bæjarfélaga á Íslandi. Það voru þau Þórunn Hafstað, BA í mannfræði, og myndlistarmaðurinn Pétur Már Gunnarsson, nemendur við Háskóla Íslands, sem óskuðu eftir styrk til kvikmyndagerðarinnar. Áður hafa þau hlotið styrk til myndarinnar frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Myndin verður gerð í samstarfi við mannfræðiskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og Kvikmyndaskóla Íslands. Með styrkveitingunni verður Ísafjarðarbær vettvangur kvikmyndarinnar. *– hj@bb.is*

Umhverfisráðherra staðfestir úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

Ekki fallist á athugasemdir við þverun Mjóafjarðar

Umhverfisráðherra hefur staðfest úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum þverunar Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi. Þannig féllst ráðherra ekki á athugasemdir sem gerðar voru við úrskurðinn að öðru leyti en því að Vegagerðinni var gert að athuga hvort gulönd verpti í Hrútey, að höfðu samráði við Náttúrverndarstofnun Íslands. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er hægt að kæra úrskurði Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra og var það gert í þessu tilfelli áður en kærufrestur rann út þann 24. janúar. Kærur bárust frá Reyni Bergsveinssyni, Gróu Salvarsdóttur, Gísla Pálmasyni, Guðmundi Atla Pálmasyni og Stellu Guðmundsdóttur.

Reynir Bergsveinsson krafðist þess að umhverfisráðherra felldi úr gildi úrskurð Skipulagsstofnunar að því er varðar þverun Mjóafjarðar. Nýr aðili yrði fenginn til þess að meta umhverfisáhrif þverunarinnar og að metin yrði ný veglína um Eyrarfjall. Taldi hann óviðunandi að sú leið yrði ekki metin sem fullnægjandi valkostur í stað þess að fara yfir Vatnsfjarðarháls og túnin í Innri-Skálavík og Hrútey. Þá taldi Reynir að neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar væru mun meiri en talið hafi verið. Hann taldi alla sjá sem vildu sjá að Hrútey væri náttúruperla hvað varðar landslag, gróður og dýralíf. Þar sé varpstöð og lífsvæði mörg hundruð fugla og svo hafi verið um árhundruð.

Þá taldi Reynir að þverunin hefði þau áhrif á sjávarföll í Mjóafirði að munur á flóði og fjöru yrði 10 cm. minni og það hefði þær afleiðingar að þangbeltið í Mjóafirði minnkaði. Þá fullyrti Reynir í kæru sinni að þrjú pör af gulönd hefðu orpið í Hrútey árið 2003 en gulönd er á válista og afar strjáll varpfugl hér á landi. Þó er ekki talið að hann verpi í eyjum heldur fyrst og fremst við ár.

Gróa Salvarsdóttir krafðist þess að fallið yrði frá endurgerð núverandi vegar ofan Bjarnastaða og vegurinn yrði heldur lagður með sjó. Einnig krafðist hún breyttrar vegarlagningar til þess að koma í veg fyrir að stekk í Eyrargili yrði drekkt í vegfyllingu.

Gísli Pálmason, Guðmundur Atli Pálmason og Stella Guðmundsdóttir töldu óvissu ríkja um áhrif brúargerðarinnar yfir Mjóafjörð á lífríki Heydals. Þau eru að byggja upp náttúruvæna ferðaþjónustu í Heydal þar sem áhersla er lögð á einstaka og fjölþætta náttúru svæðisins. Töldu þau að fyrirhuguð framkvæmd geti minnkað saltmagn fjarðarins þar sem hlutafall ferskvatns verði að líkindum hærra. Því muni fjörðinn leggja lengra fram en nú er og hafa áhrif á snjóalög með þeim afleiðingum að það voraði seinna en nú er með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir plöntu- og dýralíf.

Í úrskurði umhverfisráðherra segir að hann staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar frá 12. september 2003 um mat á umhverfisáhrifum með því skilyrði að framkvæmdaraðili standi fyrir athugun á því hvort gulönd verpir í Hrútey, að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands áður en framkvæmdir hefjast svo draga megi úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á varpstaði hennar.



Fyrirhugað vegarstæði.

Þann 12. desember á síðasta ári féllst Skipulagsstofnun á hugmyndir Vegagerðarinnar um lagningu 28,3 km vegarkafla Djúpvegar frá Eyrarhlíð í Ísafirði að Hörtná við utanverðan Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi. Stofnunin féllst í meginatriðum á fyrirhugaða vegagerð og þverun Reykjafjarðar og Mjóafjarðar. Fyrirhugaður vegur liggur út með vestanverðum Ísafirði, um vestanvert Reykjanes, yfir Reykjafjörð á Laufskálaeyri, þaðan fyrir Sveinhúsanes, um Vatnsfjörð, yfir Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð um Hrútey að slitlagsenda utan Hörtná.

Á leiðinni þarf að smíða 60 metra langa brú yfir Reykjafjörð, 9 metra langa brú yfir Vatnsfjarðarós og 100 metra langa brú yfir Hrúteyjarsund.

– hj@bb.is

Störfum á Vestfjörðum

Fækkaði um 420 á fimm árum

Störfum á Vestfjörðum fækkaði um 420 frá árinu 1998 til ársins 2003. Fleiri starfa nú við opinbera stjórnsýslu á Vestfjörðum en við fiskveiðar og fleiri störf eru við þjónustu en við frumvinnslu og iðnað. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands. Á árinu 1998 voru 4.880 störf á Vestfjörðum en árið 2003 voru þau 4.460 talsins. Mest hefur fækkunin orðið í fiskveiðum en þar hafa 360 störf tapast á þessum árum. Þau voru 860 árið 1998 en voru orðin 500 árið 2003 og er fækkunin því um rúmlega 40%.

Í iðngreinum hafa 210 störf tapast á þessum árum. Í fiskvinnslu, sem er skilgreind með iðngreinum, hafa tapast 90 störf og voru 890 í fyrra. Í öðrum iðngreinum voru störfin 690 árið 1998 en voru orðin 580 í fyrra.

Á sama tíma og stöfum í frumframleiðslu og iðnaði hefur fækkað mjög mikið hefur störfum í þjónustu fjölgað á Vestfjörðum. Þau voru 2.140 talsins árið 1998 en hafði fjölgað í 2.280 í fyrra. Mest hafði fjölgað í opinberri stjórnsýslu eða um 80 störf og voru störfin 510 í fyrra. Eru því fleiri störf orðin við opinbera stjórnsýslu en við fiskveiðar á Vestfjörðum. Í fræðslustarfsemi hefur störfum fjölgað um 50 talsins og í heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu hefur störfum fjölgað um 60 á þessum árum. Á sama tíma hefur störfum í verslun og viðgerðarþjónustu fækkað um 20. Þá hefur störfum tengdum ferðaþjónustu fækkað nokkuð. Í hótel og veitingahúsarekstri voru störfin 90 í fyrra en árið 1998 voru þau 110. Í samgöngum og flutningum voru störfin 190 í fyrra en voru 270 árið 1998.

Á síðasta ári voru störf við þjónustu á Vestfjörðum orðin fleiri en störf við frumvinnslu og iðnað. Þjónustustörfin voru 2.280 talsins í fyrra en við frumvinnslu og iðngreinar voru þau 2.170 talsins.

Mun fleiri störf hafa tapast hjá körlum á þessum árum en konum. Í fyrra voru störf karla á Vestfjörðum 2.380 en árið 1998 voru þau 2.690 og hafði því fækkað um 310. Á sama tíma hefur störfum kvenna fækkað um 110. Þau voru 2.080 í fyrra en voru 2.190 árið 1998. *– hj@bb.is*

Tölur Hagstofu Íslands

Meðallaun á Vestfjörðum dragast afturúr

Meðallaun á landinu voru 2.636 þúsund krónur á árinu 2003 og höfðu hækkað um 45% frá árinu 1998. Meðallaun á Vestfjörðum eru ekki lengur með þeim hæstu á landinu eins og þau hafa löngum verið og bilið milli launa Vestfirðinga og meðaltali annarra landsmanna jókst á árunum 1998 og 2003. Árið 1998 voru meðallaun á Vestfjörðum 1.713 þúsund krónur eða 5,75% undir landsmeðaltali. Árið 2003 voru meðallaun á Vestfjörðum 2.299 þúsund krónur eða 12,78% lægri en landsmeðaltal. Aðeins á Norðurlandi vestra eru launin lægri og á Suðurlandi eru þau svipuð og á Vestfjörðum. Þróunin er svipuð á milli kynja á Vestfjörðum.

Meðallaun allra starfsgreina á Vestfjörðum eru lægri en landsmeðaltal. Þegar horft er til einstakra starfsgreina kemur ýmislegt í ljós. Mestur er munurinn á meðallaunum í fjármálaþjónustu. Meðallaun á landinu öllu í þeirri atvinnugrein eru 49% hærri en á Vestfjörðum. Næst á eftir kemur verslun og viðgerðarþjónusta en þar eru meðallaun á landinu öllu 38% hærri en á Vestfjörðum og svipaður er munurinn í fasteigna- og viðskiptaþjónustu.

Í fiskveiðum þóttu Vestfirðingar löngum bera af öðrum í launum en það er liðin tíð samkvæmt þessum tölum Hagstofu Íslands. Meðallaunin á landinu öllu eru 36% hærri en á Vestfjörðum og svipaður er munurinn í landbúnaði. Í opinberri stjórnsýslu er munurinn um 30% og í fræðslustarfsemi er munurinn 16%. Í samgöngum og flutningum er munurinn 25% og í hótel og veitingarrekstri er hann 13%. *– hj@bb.is*

Afmælisbarnið, Guðjón Arnar Kristjánsson ásamt fjölskyldu sinni.

Grétar Mar Jónsson eftirmaður Guðjóns Arnars á forsetastóli Fiskimannasambandsins og Heimir Tryggvason skipstjóri á Páli Pálssyni ÍS voru á meðal gesta.

Guðmundur Halldórsson, formaður Smábátafélagsins Eldingar á Vestfjörðum og Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins.

Fjölmenni fagnaði Guðjóni Arnari á sextugsafmælinu

Guðjón Arnar Kristjánsson, alþingismaður, varð sextugur á mánudag en um helgina hélt hann afmælisfagnað við sumarhús sitt í Þernuvík í Mjóafirði. Fjölmenni lagði leið sína í gleðskapinn á laugardag og samfagnaði þessum fyrrum aflaskipstjóra og núverandi þingmanni og formanni Frjálslynda flokksins. Gestir komu víða að af landinu, bæði skyldmenni afmælisbarnsins svo og samstarfsfólk í stjórnmálum, félagsmálum og gamlir skipsfélagar. Á veisluborði voru ýmsir þjóðlegir réttir sem gestir gerðu góð skil. Guðjón Arnar er mikill söngmaður og var tónlistin í hávegum í veislunni. Leikið var undir á harmonikkur og gítara og mun söngurinn hafa ómað um Djúpið langt fram eftir nóttu enda veður gott. Þorsteinn J. Tómasson var í afmælisveislunni og tók það meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is í vikunni.

Afmælisbarnið tekur lagið við undirleik Péturs Bjarnasonar og Einars Hreinssonar.

Núverandi og fyrrverandi formenn Frjálslynda flokksins taka lagið.

Tveir samferðamenn Guðjóns Arnars frá Ísafirði, Kristmann Kristmannsson og Elías Skaptason.

Guðjón Arnar skemmtir sér vel ásamt systrum sínum.

Shell umboð

Svæðisstjóri

Óskum eftir að ráða í starf svæðisstjóra Skeljungs hf., á Vestfjörðum, með aðsetur í starfsstöð félagsins í Bolungarvík.

Helstu starfssvið:

- *Að viðhalda góðum samskiptum og tengslum við núverandi viðskiptavini og öflun nýrra viðskipta.*
- *Dreifing eldsneytis á Vestfjörðum og umsjón með dreifingarstarfseminni á svæðinu.*
- *Daglegur rekstur svæðisskrifstofunnar þ.m.t. umsjón með olíustöð og tækjum.*

Menntunar- og hæfniskröfur:

- *Góð færni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.*
- *Góð vélaþekking er lýtur að bílum og tækjabúnaði.*
- *Góð framkoma og drifkraftur.*
- *Meirapróf ásamt ADR réttindum er æskilegt.*

Um er að ræða krefjandi starf hjá öflugu fyrirtæki. Gott tækifæri fyrir þá sem vilja starfa að uppbyggingu í spennandi samkeppnisumhverfi.

Umsóknir sendist starfsmannahaldi Skeljungs hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, fyrir 12. júlí nk. Hægt er að sækja um á heimasíðu félagsins www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar veita Rebekka Ingvarsdóttir, starfsmannastjóri Skeljungs hf., netfang: ri@skeljungur.is eða Lúðvík Björgvinsson, sölustjóri markaðssviðs stórnotenda, netfang: ibj@skeljungur.is í síma 444 3000.

Ný númer

Húsasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.

Aðalnúmer	450 3300
Timbursala	450 3302
Fax verslun	450 3301
Fax timbursölu	450 3303

HÚSASMIÐJAN
Sími 450 3300 • www.husa.is

Uppkaupum Ofanflóðasjóðs á íbúðum í eigu Ísafjarðarbæjar í Hnífsdal

Seinkað til mótvægis við þenslu

Uppkaupum Ofanflóðasjóðs á íbúðum í eigu Ísafjarðarbæjar á Árvöllum í norðanverðum Hnífsdal seinkar vegna viðleitni sjóðsins til að draga úr útgjöldum á þenslutíma. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir forsvarsmenn sjóðsins hafa fundað með fulltrúum Ísafjarðarbæjar í vetur og gert þeim grein fyrir að í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga úr útgjöldum til að halda aftur af þenslu í hagkerfinu verði minna gert á vegum sjóðsins og muni aðhaldið hafa áhrif um land allt.

Ísafjarðarbæjar óskaði eftir uppkaupum á Árvöllum í vor og fór þá fram á að eignir einstaklinga myndu njóta forgangs. Meirihluta eignanna á svæðinu eru í eigu bæjarins. Halldór segir að einhver dráttur verði á að klára uppkaupin en ekki sé verið að slá þau af.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

„Það breytir því að ekki að við erum ekki sátt og viljum fá að klára verkið sem fyrst“, segir Halldór. Bæjarráð fól bæjarstjóranum að taka málið upp við Ofanflóðasjóð. „Á þessari stundu vitum ekki hvað verið er að tala um mikla seinkun en það liggur fyrir að verið er að endurraða öllum verkum og sjóðurinn ætlar að gera minna á næstu árum en áður var að stefnt.“

Aðspurður um hvort aðhaldsstefna Ofanflóðasjóðs muni hafa áhrif á fyrirhugaðar snjóflóðavarnarframkvæmdir í Ísafjarðarbæ, t.d. varnir í Holtahverfi sem eru næst á dagskrá samkvæmt áætlun, segist Halldór ekki hafa fengið upplýsingar um það en gera megi ráð fyrir að dráttur verði á öllum verkum sjóðsins. „Við höfum hins vegar haldið fast við okkar áætlanir og nú er t.d. vinna í fullum gangi við að hanna varnarmannvirki í Holtahverfi“, sagði Halldór.

Aflaverðmæti steinbíts helmingast á fyrsta ársfjórðungi

Hrun í mikilvægustu fisktegund Vestfirðinga

Á fyrstu þremur mánuðum ársins var landað 10.751 tonni af sjávarfangi á Vestfjörðum að verðmæti tæpar 1.064 milljónir króna en á sama tíma í fyrra var landað 11.649 tonnum að verðmæti rúmar 1.189 milljónir króna. Mest breyting hefur orðið í steinbítsafla og má kalla að hrun hafi orðið í þessari mikilvægu fisktegund Vestfirðinga. Fyrstu þrjá mánuðina var landað 1.308 tonnum af steinbít í stað 1.935 tonna í fyrra og hefur afli því dregist saman um tæpan þriðjung. Verðmæti steinbítsaflans hefur dregist enn meira saman eða um helming. Í fyrra var aflaverðmætið rúm 161 milljón króna en á þessu ári var verðmætið einungis rúm 81 milljón króna. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands.

Rétt er að taka fram að samdrátturinn er ekki vegna lélegra aflabragða heldur vegna þess að meðalverð steinbít lækkaði svo mjög á milli ára að útgerðarmenn hættu að leggja fyrir hann. Þannig lækkaði meðalverð landaðs steinbítis úr rúmum 83 krónum í fyrra í rúmar 62 krónur í ár. Meðalverð á lönduðum steinbít var hinsvegar aðeins rúmar 58 krónur í marsmánuði á þessu ári.

Af öðrum fisktegundum má nefna að nokkur aukning hefur orðið í þorski fyrstu þrjá mánuði ársins og töluverð aukning hefur orðið í ýsuafla en á móti kemur að meðalverð ýsu hefur lækkað nokkuð á milli ára. Í fyrra var landað 976 tonnum af ýsu en á þessu ári 1.832 tonnum. Er aukningin því um 87%. Aflaverðmætið hefur hinsvegar aðeins aukist úr 104 milljónum króna í rúmar 118 milljónir króna eða um 13%. Meðalverð landaðrar ýsu lækkaði á milli ára um tæp 40%.

Í marsmánuði var landað 4.432 tonnum af sjávarfangi í höfnum á Vestfjörðum að verðmæti rúmar 419 milljónir króna. Á sama tíma á síðasta ári var landað 4.604 tonnum að verðmæti rúmar 438 milljónir króna. Af einstökum tegundum má nefna að aukning hefur orðið í þorski og ýsu en samdráttur í steinbít og rækju.

– hj@bb.is

Landað út bát í höfninni í Bolungarvík.

Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða

103 án atvinnu á Vestfjörðum

Atvinnuleysi á Vestfjörðum hefur heldur aukist það sem af er sumri en 103 eru skráðir án atvinnu hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Í Bolungarvík hefur atvinnuleysi aukist en þar er 21 skráður án atvinnu og voru 16 í maí. Engin breyting hefur orðið á fjölda atvinnulausra í Ísafjarðarbæ en þar eru 47 á skrá. Í Vesturbyggð eru 8 skráðir án atvinnu en voru 14 í byrjun maí. Í Strandasýslu eru 24 skráðir án atvinnu og hefur fjölgað um 6 frá því í maí. Í Súðavík voru þrír án atvinnu en þar var enginn á skrá fyrir mánuði. Enginn er á atvinnuleysiskrá á Tálknafirði.

„Við höfum fengið nokkra námsmenn inn á skrá og samdráttur hefur orðið hjá fyrirtækjum sem eru kvótatengd en þar sem átaksverkefni fara í gang á næstu dögum má búast við fækkun“, segir Sigurveig B. Harðardóttir, fulltrúi hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Konur eru sem fyrr í meirihluta atvinnulausra og eru 73 á skrá en 30 karlar.

Atvinnuleysi á Vestfjörðum hefur dregist saman frá því í vetur og má til samanburðar nefna að í febrúar voru 148 á skrá hjá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða og 121 um miðjan mars mánuð.

– thelma@bb.is

Liðlega þrítugur karlmaður dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða

Mánaðar fangelsi fyrir að skalla tvo við menn í andlitið

Liðlega þrítugur karlmaður var dæmdur í eins mánaðar fangelsi í Héraðsdómi Vestfjarða á föstudag fyrir tvær líkamsárásir þegar hann skallaði tvo menn við skemmtistaðinn Sjallann á Ísafirði í lok desember á síðasta ári.

Annar mannanna hlaut 2ja sentimetra skurð á vinstri augabrún en hinn, sem var dyravörður á skemmtistaðnum og hafði vísað árásarmanninum á dyr, hlaut fjögurra setimetra Y-laga skurð á mitt ennið. Ákæði játaði á sig sök.

Fullnustu refsingarinnar var frestað og fellur hún niður eftir tvö ár haldi maðurinn skilorð. Að auki var hann dæmdur til að borga allan sakarkostnað.

– kristinn@bb.is

Aðkoman að leikvellinum í Holtahverfi er ekki falleg.

Skemmdarverk á leikvelli

Skemmdarverk voru unnin á leikkastala sem stendur á leikvelli í Holtahverfi á Ísafirði. Gólfborð voru brotin og liggur heilmikið spýtnabrak á jörðinni. Vinnuskólaunglingar tóku eftir illa förnum leikkastalanum og gerðu lögreglu viðvart sem kannaði verksummerki.

„Þetta er alvarlegt mál og virðist sem um hreina skemmdarfýsn sé að ræða en að auki hefur trjágróður í nágrenni leikvallarins orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum“, segir Atli Garðarsson hjá Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar.

– thelma@bb.is

ritstjórnargrein

„Skyldi einhver nenna að sinna því?“

Einhvern veginn virðist það árátta margra stjórnmálamanna að láta sig fátt varða, sem þeim sjálfum dettur ekki í hug. Þessi leiði ávani veldur því að margt fellur hjá garði, sem vert hefði verið að gefa gætur. Og sem ef til vill hefði fært okkur ávinning. Afleiðing háttarlagsins eru margar sinnuleysisvörður sem hlaðnar hafa verið á glötuslóðum þingmanna allra tíma.

„Okkar næstu nágrannar“ kallar Úlfar Ágústsson, framkvæmdastjóri Siglingadaga 2004, grein í BB fyrir skemmstu. Þar ræðir hann þá möguleika sem breytt veðurfar á norðurslóðum kunni að skapa í samskiptum okkar við Grænlendinga, en ætla má að það leiði til þess að ísfría tímabilið á siglingaleiðinni milli Íslands og Grænlands lengist með hverju árinu sem líður. „Við þessar breytingar“ segir Úlfar „er nálægð Ísafjarðar við A-Grænland hugsanlega orðið að lykilatriði. Í dag er þessum svæðum þjónað seinnipart árs af sjó frá Álaborg í Danmörku með tveim skipum og ærnum kostnaði vegna fjarlægðar.“

Eftir að hafa rakið ýmsa möguleika sem uppi kunna að verða segir Úlfar: „Nú stendur til að stækka (grænlenska) þjóðgarðinn suður að Scoresbysundi. Við það mun eftirspurn eftir ferðum þangað margfaldast að sögn sérfræðinga í ferðamálum norðurhjarans. Þá er eðlilegast að miðstöð samgangna við svæðið verði Ísafjörður.“ Og hann heldur áfram: „Eitt af því fyrsta sem Grænlendingar ættu að gera er að koma á fót fastri starfsstöð Grænlendings á Ísafirði, sem hefði yfirumsjón með aðgerðum og fylgdist með að farið sé að reglum, í stað þess sem nú er að menn fari um þetta stóra land- og hafsvæði umsjónarlaust til stórfelds skaða fyrir framtíðina og tekjumissis fyrir grænlensku landsstjórnina.“

Grein sinni lýkur Úlfar með eftirfarandi brýningu: „Við Ísfirðingar eigum bæði nóg af skipum og reyndum sjómönnum til að aðstoða heimamenn (Grænlendinga) við að leita að fiskimiðum og grundvalla fiskveiðar og vinnslu. Þarna er því um gríðarlega mikla möguleika að ræða í atvinnu- og byggðamálum fyrir þessar þrjár nágranna jaðarbyggðir við heimskautasvæðið. Ef stjórnmálamenn, sem tala nú mikið um samvinnu á vestnorður svæðinu vilja, þá er þarna verðugt verk að vinna, sem gæti flutt fjölda starfa norður á hjarann auk þess að treysta verulega atvinnumöguleika á svæðinu. Hér er sannarlega verk að vinna. Skyldi einhver nenna að sinna því?“

Úlfar Ágústsson hefur vakið athygli á þörfu máli. Hvort stjórnmálamenn hafa þar nennu til frekar en mörgu öðru, sem á hefur verið bent, mun koma í ljós. *– s.h.*

orðrétt af netinu

Endalok stjórnlausra veiða

„Sóknardagabátarnir, sem hafa verið mikið til umræðu að undanförnu, hafa iðulega veitt miklu meira en þeim hefur verið ætlað. Veiðarnar hafa nánast verið stjórnlausar, öfugt við veiðar í kvótakerfinu. Umframveiði smábátana hefur komið niður á öðrum, því ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar um leyfilegan heildarafla hefur tekið mið af umframveiðinni eins og lýst var hér fyrr.

Lög sem sett voru í vor um málefni smábátanna, og hafa verið talsvert til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu, mörkuðu endalok sóknardagakerfisins. Því hefur verið lýst í nokkrum pistlum hér á vefnum hversu slæmt sóknardagakerfi er fyrir þá sem starfa í því, fyrir þá sem starfa utan þess og fyrir þjóðarbúið í heild. Endalok sóknardagakerfisins eru því fagnaðarefni.“

www.200milur.is

Útgefandi: H-prent ehf., Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, *kristinn@bb.is* – Halldór Jónsson, sími 892 2132, *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Auglýsingar**: Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, *denni@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

Jóhann Torfason varaformaður Skíðafélags Ísfirðinga, Tryggvi Guðmundsson formaður Golfklúbbs Ísafjarðar, Hafsteinn Sigurðsson aðstoðarútibússtjóri og Brynjólfur Þ. Brynjólfsson útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði við undirritun samningana.

Útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði

Styrkir Golfklúbb Ísafjarðar og Skíðafélag Ísfirðinga

Skrifað var undir samstarfssamninga milli Landsbanki Íslands annars vegar og Golfklúbbs Ísafjarðar og Skíðafélags Ísfirðinga í síðustu viku. Í samningunum felst meðal annars að Landsbankinn leggur íþróttafélögunum til fé til kaupa á búnaði sem auðveldar starfsemi þeirra og félögin leggja áherslu á að efla barna og unglingastarf sitt.

„Þessir samningar eru gerðir í tengslum við 100 ára afmæli útibús bankans á Ísafirði og munu fleiri slíkir samningar líta dagsins ljós á árinu“,segir Hafsteinn Sigurðsson, aðstoðarútibússtjóri Landsbankans á Ísafirði.

„Með samningum við íþróttahreyfinguna vill Landsbankinn leggja lið því góða starfi sem þar er unnið og þakka það traust sem bankinn hefur notið hér í heila öld“, sagði Hafsteinn.

– thelma@bb.is

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Birna endurkjörin forseti

Birna Lárusdóttir var endurkjörin forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á síðasta fundi bæjarstjórnar í reglulegri kosningu samkvæmt bæjarmálasamþykkt. Tillaga kom frá meirihluta um Ragnheiði Hákonardóttur sem fyrsta varaforseta og frá minnihluta um Magnús Reyni Guðmundsson sem annan varaforseta. Voru þær samþykktar

Birna Lárusdóttir.

með atkvæðum allra bæjarfulltrúa, 9-0.

Þá var kosið nýtt bæjarráð en það verður skipað aðalmönnunum Guðna G. Jóhannessyni og Ragnheiði Hákonardóttur frá meirihluta og Lárusi G. Valdimarssyni frá minnihluta. Varamenn verða Svanlaug Guðnadóttur og Birna Lárusdóttir af hálfu meirihluta og Bryndís G. Friðgeirsdóttir fyrir minnihluta.

Á fundinum var einnig lögð fram tillaga um að fella niður fundi bæjarstjórnar í júlí og ágúst og skal bæjarráð hafa heimild til að ráða málum til lykta fyrir hönd bæjarstjórnar þetta tímabil, eins og segir í bókun. Tillagan var samþykkt og er bæjarstjórn því komin í sumarleyfi en næsti fundur er áætlaður 2. september.

Ingibjörg Ingadóttir, menntaskólakennari á Ísafirði

Starfrækir ferðaþjónustu í Grikklandi í sumar

Ingibjörg Ingadóttir, menntaskólakennari á Ísafirði, rekur ferðaþjónustu á eyjunni Zakinthos á Grikklandi í sumar. Ingibjörg bjó í Grikklandi í fimm ár og segist lengi hafa langað til að kynna löndum sínum Grikkland og mannlífið þar. Næstu vikurnar tekur hún á móti íslenskum ferðalöngum og fer með í skoðunarferðir um eyjuna en hún hefur samið við hótel á Zakinthos um gistingu fyrir landann.

Nokkuð óvanalegt hlýtur að

Ingibjörg Ingadóttir.

teljast einstaklingur verji sumarfríinu í ferðaþjónustu á erlendri grundu. Ingibjörg hefur mikla reynslu á því sviði og rak m.a. ferðaskrifstofu í London ásamt eiginmanni sínum Hermanni Níelssyni, meðan þau bjuggu þar. Hún segir sölu hagstæðra flugferða á netinu hafa auðveldað fólki að ferðast til útlanda og því sé grundvöllur fyrir því að bjóða Íslendingum gistingu og leiðsögn á slóðum sem hafa verið utan alfaraleiðar hingað til. „Hér á Zakinthos hefur ferðamannaþjónustan blómstrað í 25 ár enda mikil náttúrufegurð og margt hægt að gera til afþreyingar“, segir Ingibjörg.

Ingibjörg Ingadóttir er Ísfirðingum af góðu kunn og er skemmst að minnast grísku kvöldanna á Hótel Ísafirði sem hún sá um að skipuleggja í vetur.

Áhugasamir ferðalangar geta haft samband við Ingibjörgu í síma 0030 6945932 7233. *– thelma@bb.is*

Tuttugu ár frá útkomu plötunnar „Get ég tekið cjéns“ með Grafík

Á þessu ári eru tuttugu ár frá því að hljómsveitin Grafík gaf út þriðju plötu sína „Get ég tekið cjéns“. Af því tilefni kviknaði sú hugmynd að halda afmælistónleika í Alþýðuhúsinu á Ísafirði og verða þeir haldnir á laugardaginn kl. 20.

Þegar platan kom út hafði hljómsveitin starfað í þrjú ár og gefið út tvær plötur. Hljómsveitin var stofnuð á Ísafirði af þeim félögum Rafni Jónssyni og Rúnari Þórissyni. Þeir félagar höfðu kynnst við spilamennsku í hljómsveitinni Haukum í Reykjavík og að áeggjan Rabba fluttist Rúnar vestur og spilaði þar hljómsveitunum Ýr og Danshljómsveit Vestfjarða uns Grafík varð til.

Fyrsta plata sveitarinnar var „Út í kuldann“ sem kom út 1981. Platan vakti nokkra athygli og lagið „Vídeó“ náði vinsældum. Á þessari plötu var söngvari hljómsveitarinnar Ólafur heitinn Guðmundsson sem áður hafði gert garðinn frægan með BG. Önnur plata sveitarinnar, „Sýn“ kom út árið 1983 og verður að segjast eins og er að hún náði ekki eins mikilli athygli. Söngvari sveitarinnar á þeirri plötu var Ómar Óskarsson. Báðar hlutu plöturnar þokkalega dóma gagnrýnenda. Á þessum tíma voru einnig í Grafik þeir Örn Jónsson og Vilberg Viggósson.

Helgi gerist söngvari

Það var síðan sumarið 1983 sem þeir félagar Rabbi og Rúnar ákveða að hafa samband við ungan Ísfirðing Helga Björnsson sem þá var nýútskrifaður leikari. Töldu þeir hann rétta manninn í hljómsveitina og buðu honum starfið. Eftir að Rabbi hafði slegið á þráðinn og Helgi fengið smá umhugsunarfrest var hann orðinn nýr meðlimur í Grafík.

Platan „Get ég tekið cjéns“ kom úr fyrir jólin 1984 og vakti strax mikla athygli. Á plötunni eru átta lög. Þau eru: Þúsund sinnum segðu já, Dýri, 16, Jónas og Mary Poppins, Húsið og ég (betur þekkt sem „Mér finnst rigningin góð“), Haltu mér, Hvað er að ske og Get ég tekið séns. Þrjú laganna öðluðust miklar vinsældir og voru öll samtímis ofarlega á vinsældarlistum.

Í blaðaviðtali við útkomu plötunnar sagði Helgi Björnsson að platan væri ákveðin stefnubreyting hjá hljómsveitinni. „Við höfum lært mikið upp frá fyrri plötum sem voru heldur í þyngri kantinum og stílum nú meira inn á dansmarkaðinn enda höfum við lært að dansa“ sagði Helgi í viðtalinu en sagði að þrátt fyrir það hefði ekkert verið slakað á kröfunum og taldi hann að lagt hefði verið meira í þessa plötu en þær fyrri. Þá kemur fram í viðtalinu að allt efni plötunnar sé frumsamið og að Helgi eigi flesta textana. „Þeir snúast meira um persónulega upplifun heldur en ákveðin þjóðfélagsleg vandamál en þó gengið sé út frá manneskjunni sjálfri hlýtur það alltaf að smita út í mannlífið. Við erum með vangaveltur um leitina að sjálfum sér og tilgang þess að vera lífvera. Þetta reynum við svo að setja myndrænt upp í músíkinni.“ sagði Helgi í viðtalinu.

Í blaðaviðtölum á þessum tíma sögðust þeir hljómsveitarmeðlimirnir hafa samið lögin á plötunni í sameiningu út frá spuna og small sumt saman strax, t.d. „Rigningin“, annað tók lengri tíma. Nafn plötunnar sögðu þeir vera áskorun til þeirra sjálfra um að leyfa sér að gera það sem þá langar til, taka áhættu.

Góðir dómar gagnrýnenda

Platan fékk mjög góða dóma gagnrýnenda. Í gagnrýni sem Sigurður Sverrisson skrifaði í Morgunblaðið eftir útkomu hennar segir meðal annars:

Hljómsveitin Grafík haustið 1983 fyrir utan Sjallann á Ísafirði. F.v. Rafn Jónsson, Örn Jónsson, Helgi Björnsson, Vilberg Viggósson og Rúnar Þórisson.

Afmælistónleikar verða haldnir í Alþýðuhúsinu á Ísafirði á laugardag. Tónleikarnir verða teknir upp og hugsanlega gefnir út á CD eða DVD.

„Með þessari plötu hefur Grafík skapað sér nafn sem frábær rokksveit, sem ekki aðeins er fær um að skila af sér góðum lögum, hnökralausum hljóðfæraleik og fínni upptökustjórn, heldur og smellum. Þetta hefur harla sjaldan farið saman í íslenskri popptónlist þótt vissulega séu þess nokkur dæmi. Þessi plata Grafík er í stuttu máli sagt eitthvert mest lýsandi dæmið um hve frambærilegt íslenskt popp/rokk er í dag þrátt fyrir bölsýnishjal úr öllum áttum.“ Síðan nefnir Sigurður fyrri plötur sveitarinnar og segir síðan: „Þetta eru stór orð hér að framan, en í mínum huga einfaldur sannleikur. Þessi þriðja plata Grafík er besta plata Ísfirðinganna til þessa og eftir grip sem þennan getur maður ekki annað en beðið spenntur eftir næstu plötu. Hvað gerist þá? Verður enn kúvent eða nýjar víddir sömu brautar kannaðar? Þetta á eftir að koma í ljós en ég er sannfærður um að hver svo sem þróunin verður mun Grafík ekki senda frá sér annað en gæðaplötu sem áður. Helgi Björnsson, Rafn Jónsson, Rúnar Þórisson og Örn Jónsson, bravó.“

Plötugagnrýnendur voru flestir á svipuðu máli í dómum sínum um plötuna og var hún í heildarútekkt.fyrir árið 1984 valin plata ársins af gagnrýnendum ofl.

Á hljómleikunum á laugardag verða í hljómsveitinni Rúnar Þórisson, Helgi Björnsson, Hjörtur Howser, Haraldur Þorsteinsson og Egill Rafnsson sem trommar í stað föður síns.

Tónleikarnir hjartans mál Rabba

Rafn Jónsson annar stofnandi hljómsveitarinnar lést í síðustu viku eftir langa baráttu við erfiðan sjúkdóm og hann verður jarðsunginn á morgun á Ísafirði. Rúnar Þórisson segir í samtali við BB að í samráði við fjölskyldu Rabba hafi verið ákveðið að halda fyrri áætlun með tónleikana enda allir sammála um að það væri í anda hans. Það var honum mikið hjartans mál að tónleikarnir yrðu haldnir og vann hann að skipulagi þeirra þar til yfir lauk. Þrátt fyrir að undirbúningur tónleikanna hafi tekið nokkurn tíma þá sé ómögulegt að segja hvernig þeir verði í kjölfar fráfalls Rabba.

„Þetta verður án efa mjög sérstök upplifun bæði fyrir okkur sem verðum þarna, bæði hljóðfæraleikarana og ekki síður áhorfendur. Án efa verða þeir tilfinningaþrungnir en vonandi líka dálítið skemmtilegir og um leið honum til heiðurs.“ Rúnar segir að það hafi verið einlæg ósk Rabba að tónleikarnir yrðu haldnir í Alþýðuhúsinu því að þar hafi hljómsveitin Grafík haldið sína fyrstu opinberu tónleika. Því hafi í rauninni ekki annað hús komið til greina.

Rúnar segir að á hljómleikunum verði spiluð lög af plötunni „Get ég tekið cjéns”, sem nú hefur verið endurútgefin en fleiri lög fái að fljóta með frá þeim tíma sem Helgi var í Grafik en hann söng inná tvær plötur með sveitinni. Seinni platan bar heitið „Stansað, dansað og öskrað”. Eins munu þeir leika nokkur lög sem hafa komið út á seinni árum og eru á sólóplötum þeirra Rabba, Rúnars eða Helga. Meiningin er að tónleikarnir verði teknir upp, hljóð og mynd með það í huga að þeir verði gefnir út síðar á CD og/eða DVD að sögn Rúnars.

Ný plata?

Hljómsveitin gaf flestar plötur sínar út sjálf og segir Rúnar að það hafi gengið stórafallalaust en enginn hafi orðið ríkur á þeirri útgáfu. Þegar tap hafi orðið hafi menn lagt harðar að sér við spilamennsku á böllum. Hann segir að nú sé löngu tímabært að huga að endurútgáfu á þeim plötum hljómsveitarinnar sem ekki hafi komið út á geisladisk, það hafi löngum verið hugmynd Rabba. Um óútgefið efni upplýsir Rúnar að þeir þrír, Rabbi, Rúnar og Helgi hafi samið saman um tíu lög og tekið upp grunna af þremur þeirra. „Hvort þau muni einhvern tíma koma út getur tíminn einn leitt í ljós en eitt er víst að andi Rabbi mun alltaf hvíla yfir og fylgja hverjum einasta tón sem frá Grafík heyrist” sagði Rúnar.

Eins og áður sagði verða tónleikarnir í Alþýðuhúsinu á laugardaginn og hefjast þeir klukkan átta. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við KFÍ og er ekki að efa að þeir verða fjölsóttir enda mikill hvalreki á fjörur tónlistarunnenda.

– hj@bb.is

Framhlið plötuumslagsins á „Get ég tekið séns“.

Guðni Geir Jóhannesson skrifar

Dylgjum og lygum svarað

Í ljósi nýjasta fréttaflutnings svæðisfjölmiðlanna hér vestra af málum sem varða almenningssamgöngur í Ísafjarðarbæ (og jafnframt í ljósi þess sem á undan er gengið á liðnum árum) tel ég mig knúinn til nokkurra andsvara. Raunar hefði það mátt gerast fyrr. Fréttaflutningur Svæðisútvarps Vestfjarða og fréttavefjarins bb.is af þessum málum hefur verið einhliða og með ólíkindum. Dylgjur og ásakanir tiltekins manns eru tuggðar upp án nokkurrar gagnrýni, að því best verður séð, og síðan bætt gráu ofan á svart með röngum upplýsingum án þess að heimilda eða heimildamanna sé getið. Rangt hefur verið farið með kostnaðartölur, hvort sem það er af ásetningi eða hroðvirkni. Hins vegar hafa þessir fjölmiðlar aldrei haft fyrir því að bera þessi mál undir mig eða mitt fyrirtæki eða leita eftir sjónarmiðum mínum. Þó er ég miðpunkturinn í því moldviðri sem rótað er upp öðru hverju.

Þess skal getið, að ég er bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Ísafjarðarbæ og formaður bæjarráðs. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynda meirihluta bæjarstjórnar en í minnihluta eru Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn. Fyrirtæki mitt og eiginkonu minnar, Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna ehf. (FMG), annast almenningssamgöngur (akstur strætisvagna og skólaakstur) í Ísafjarðarbæ. Grundvöllur þeirra árása sem ég og fyrirtæki mitt hafa ítrekað orðið fyrir á opinberum vettvangi virðist vera sá, að völd mín séu slík, að bæjarfulltrúar allra flokka, jafnt í meirihluta sem minnihluta, nefndafólk jafnt í meirihluta og minnihluta, svo og ópólitískir starfsmenn Ísafjarðarbæjar, lúti mínum vilja í einu og öllu og taki hagsmuni mína og fyrirtækis míns fram yfir hagsmuni bæjarfélagsins sem þeir eiga að þjóna og standa vörð um. Þeir sem að þessum árásum standa virðast hins vegar telja sig réttborna samvisku Ísafjarðarbæjar og þess umkomna að taka bæjaryfirvöld í kennslustund.

Þetta er svo sem ekkert nýtt. Þegar Ísafjarðarbær gekk til samninga um almenningssamgöngur og skólaakstur við fyrirtæki mitt sumarið 2001 að loknu útboði byrjaði gerningaveðrið af hálfu forsvarsmanns fyrirtækis sem hafði átt lægra boð en reyndist þegar til átti að taka ekki geta skilað inn nauðsynlegum gögnum sem tilskilin voru í útboði um að það gæti staðið við tilboð sitt. Í álitsgerð um tilboð þess fyrirtækis segir m.a.: „... ekki komu fram þær fjárhagslegu upplýsingar í gögnum Stjörnubíla ehf. er ótvírætt gáfu til kynna að fyrirtækið gæti staðið við og/eða fjármagnað þá þjónustu er felst í rekstri almenningsvagna í Ísafjarðarbæ – skólaakstri í Skutulsfirði. Engar upplýsingar lágu fyrir um eignastöðu fyrirtækisins eða upplýsingar um hvort og þá hvar það væri í bankaviðskiptum.“

Á þessum tíma voru á opinberum vettvangi gerðar atlögur að æru minni og heiðarleika bæjaryfirvalda, á svipaðan hátt og nú er gert.

Gengið var til samninga við fyrirtæki mitt á grundvelli útboðsins og tilboðsins og samningur gerður um almenningssamgöngur og skólaakstur í Ísafjarðarbæ. Gildistími hans er þrjú ár og fjórir mánuðir eða frá 1. september 2001 til ársloka 2004. Í honum er jafnframt heimild fyrir Ísafjarðarbæ að framlengja hann um eitt ár eða út næsta ár. Þetta framlengingarákvæði nýtti Ísafjarðarbær sér og var það staðfest með tilskildum sex mánaða fyrirvara á fundi bæjarráðs rétt fyrir síðustu mánaðamót eða hinn 28. júní. Í samningnum eru jafnframt ákvæði um heimild til endurskoðunar á honum á samningstímanum og þarf samþykki beggja samningsaðila til þess að gera breytingar á honum.

Moldviðrið rauk upp á ný þegar ferðaþjónusta fyrir fatlaða í Ísafjarðarbæ var boðin út á liðnum vetri. Lægsta tilboðið kom frá áðurnefnum Stjörnubílum en það næstlægsta frá fyrirtæki því sem ég veiti forstöðu, Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna ehf. Þá hafði ég og fyrirtæki mitt annast þessa þjónustu um níu ára skeið og sinnt henni með ágætum, eftir því sem ég best veit. Fjallað var um tilboðin á fundi félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar 19. febrúar sl. og eftirfarandi bókað með samhljóða samþykki allra í nefndinni:

„Tekin fyrir bréf frá Sigurði Mar Óskarssyni, bæjartæknifræðingi, vegna tilboða í útboðsverkið „ferðaþjónusta fatlaðra 2004“, samanburðarupplýsingar við önnur sveitarfélög um kostnaðarlið félagsþjónusta vegna ferðaþjónustu fatlaðra, punktar frá fundi með framkvæmdastjóra Stjörnubíla og greinargerð forstöðumanns Skóla- og fjölskyldu-skrifstofu Ísafjarðarbæjar vegna ferðaþjónustu fatlaðra. Tvö lægstu tilboðin eru talin koma til greina. Með vísan til þeirra gagna sem aflað var frá lægstbjóðendum og að lítill

Guðni Geir Jóhannesson.

munur er á upphæð tilboðanna eða u.þ.b. kr. 27.345 á mánuði mælir nefndin með því við bæjarstjórn að tilboði Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna ehf. verði tekið. Að mati nefndarinnar vegur faglegur ávinningur sem hlýst af því að taka tilboði FMG mun þyngra en fjárhagslegur ávinningur af því að taka lægsta tilboði og er þar horft til þess hve notendur þjónustunnar eru almennt viðkvæmir fyrir breytingum á henni.“

Í framhaldi af því fári sem greip um sig út af þessari einróma niðurstöðu dró fyrirtæki mitt tilboð sitt til baka. Ég hef ekki litið svo á að akstur fyrir bæjarsjóð sé neitt eyrnamerktur mér. Samið var við Stjörnubíla um þjónustuna. Ég óska fyrirtækinu og skjólstæðingum þess velfarnaðar en leyfi mér jafnframt að efast um burði Stjörnubíla, bæði fjárhagslega og á annan hátt, til þess að rækja þjónustuna eins vel og ég og fyrirtæki mitt gerði hátt í áratug. Þess má geta, að ég hef aldarfjórðungs reynslu í bílaútgerð og tel mig hafa nokkra þekkingu á þessum málum.

Fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn og bæjarráði og nefndum Ísafjarðarbæjar hafa alla tíð veitt meirihlutanum aðhald, gagnrýnt ýmsar ákvarðanir hans og greitt atkvæði á móti þeim. Slíkt er eðlilegt hlutverk minnihluta og honum er bæði rétt og skylt að rækja það hlutverk af festu. Hins vegar hafa fulltrúar minnihlutans ekki vænt mig um óheiðarleika í samskiptum fyrirtækis míns við bæinn eða látið í ljós að þjónustan hafi verið slæm eða of dýru verði keypt. Aldrei hefur verið neinn pólitískur ágreiningur um aksturs-mál í samningum milli mín og bæjarins. Aldrei hafa komið fram neinar ásakanir varðandi þau efni frá pólitískum andstæðingum í bæjarráði eða bæjarstjórn heldur hafa þau verið afgreidd ágreiningslaust eins og hver önnur mál milli bæjarins og verktaka.

Í félagsmálanefnd var alger samstaða um að taka tilboði Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna ehf. á þeirri forsendu, að skjólstæðingarnir væru viðkvæmir fyrir miklum breytingum. Þetta var einfaldlega mat nefndarinnar og ég hafði engin áhrif á það. Mér finnst rétt að það komi fram, að mér var alla tíð uppálagt, þau níu ár sem ég annaðist akstur með fatlaða og þjónustu við þá, að sem allra minnstar breytingar og minnst röskun yrðu á tilhöguninni, helst að alltaf væri sami maðurinn sem annaðist þetta. Lengst af annaðist ég sjálfur aksturinn og þjónustuna nema þegar ég tók mér eðlileg frí. Mér finnst einnig rétt að fram komi, að gefnu tilefni, að þjónustan felst ekki í bifreiðaakstri einum saman. Hún felst einnig í mannlegum samskiptum og sá þáttur er ekki veigalítill.

Nú stendur gerningaveðrið yfir í þriðja sinn. Enn blæs úr sömu átt með dylgjum og skítkasti. Í óvenjulega langri og ítarlegri frétt á bb.is hinn 30. júní er forsvarsmanni Stjörnubíla enn einu sinni gefinn laus taumurinn og segir þar m.a.: Aðspurður til hvaða ráða fyrirtæki hans gæti gripið sagði Trausti að það yrði skoðað á næstu dögum. „Það er auðvitað mjög undarleg staða sem við erum í. Sveitarfélögin tala um að tekjur dugi ekki fyrir útgjöldum og auka þurfi við tekjustofna þeirra. Þetta mál sýnir hinsvegar að hér á Ísafirði er í það minnsta ekki áhugi á að spara peninga. Mér þykir gengið æði frjálslega um í þessu sambandi. Menn verða að átta sig á því að bæjarsjóður er sameiginlegur sjóður allra bæjarbúa en ekki einkafyrirtæki bæjarfulltrúa.“

Í framhaldi af þessu kom eftirfarandi frétt í Svæðisútvarpi Vestfjarða að kvöldi 30. júní (hér skráð eftir upptöku sem fengin var hjá Svæðisútvarpinu):

„Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti á mánudag, að tillögu Þorleifs Pálssonar bæjarritara, að framlengja samning um almenningssamgöngur í Ísafjarðarbæ um eitt ár við núverandi verktaka, sem er Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna. Þetta gerist þrátt fyrir að ekki náðist lækkun á þjónustunni í viðræðum við Ferðaþjónustuna. Í fjárhagsáætlun næsta árs er gert ráð fyrir minna fé til almenningssamgangna en verktakinn var ekki reiðubúinn að slá af þar sem fastakostnaður sé sá sami þótt ferðum verði fækkað eins og bæjarritari hefur lagt til. Því lagði hann til, bæjarritarinn, og bæjarráð samþykkti, að nýta sér heimild í samningi um aksturinn og framlengja hann um eitt ár. Fulltrúar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks í bæjarráði samþykktu tillöguna en fulltrúi Framsóknarflokks, Guðni Geir Jóhannesson, vék af fundi á meðan þessi gjörningur fór fram. Sá sami Guðni er jafnframt annar aðaleigandi Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna, sem framlenginguna varðaði. Trausti Ágústsson, framkvæmdastjóri Stjörnubíla á Ísafirði, gerir alvarlegar athugasemdir við framlenginguna á samningi þessum á BB-vefnum í dag og segir meðal annars, að bæjarsjóður sé ekki einkafyrirtæki bæjarfulltrúanna.“

Í þessari frétt Svæðisútvarps Vestfjarða er beinlínis farið með ósannindi. Rangt er að samningurinn hafi verið framlengdur „þrátt fyrir að ekki náðist lækkun á þjónustunni í viðræðum við Ferðaþjónustuna“. Rangt er að verktakinn (Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna ehf.) hafi ekki verið „reiðubúinn að slá af“.

Hið rétta er, að samræðum hefur ekki verið slitið af minni hálfu og ég hef ekki fengið neina tilkynningu frá bæjaryfirvöldum um slíkt. Það skýtur skökku við, að hafi ég neitað öllum viðræðum, þá hafi bæjarritari stokkið til og ákveðið einhliða að framlengja samninginn við mig óbreyttan án nokkurs samkomulags. Þessar viðræður hafa að vísu staðið nokkuð lengi en það er allt opið í þessu máli. Ég eða mitt fyrirtæki höfum ekki á nokkurn hátt reynt að draga málið á langinn. Það hefur verið til vinnslu hjá bænum og ég hef beðið eftir því að þar fengist einhver niðurstaða. Bænum er samkvæmt samningnum heimilt að skerða þjónustuna ef hann vill. Hann getur ákveðið einhliða að fella niður ferðir og spara með þeim hætti. Ég get hvorki komið í veg fyrir slíkt né hef ég reynt að standa á móti því. Hitt er annað mál, að þegar menn tala um að lækka gjöld, eins og kílómetragjald, þá er það samningsatriði milli beggja aðila. Það sem ég hef í þeim umræðum farið fram á er að fá á móti að framlengja samninginn til þess að geta afskrifað bílakostinn á lengri tíma þegar tekjurnar minnka. Ég tel það eðlilegt og er ekki einn um slíkt.

Ég veit ekki til að það hafi komið fram opinberlega eða þótt fréttnæmt, að fyrirtæki mitt hefur veitt meiri þjónustu en tilskilið er í samningnum um almenningssamgöngur og skólaakstur, án greiðslu frá bæjarsjóði eða stofnunum hans eða frá farþegum eða neinum öðrum. Fljótlega byrjaði ég að breyta nokkrum atriðum í þá veru, meðal annars á þann hátt að öll skólabörn í bænum fá frítt í vagninn, alveg sama hvar þau búa. Í samningnum er ákvæði um að innan ákveðinna fjarlægðarmarka frá skólanum fái nemendur ekki far með vagninum nema að borga. Með þetta var óánægja meðal þeirra sem áttu hlut að máli og þess vegna aflétti ég því einhliða fyrir tveimur árum. Síðan hafa öll skólabörn fengið frítt í vagninn milli kl. 8 og 17 alla virka daga á skólatíma. Þetta er ekki í samningnum.

Grunnskólinn á Ísafirði hefur einnig notið góðs af því, að þegar krakkarnir hafa farið í vettvangsferðir á vorin hafa þeir mátt nota strætisvagnana frítt. Skólastjórinn hefur þakkað mér fyrir þetta enda er það sparnaður fyrir skólann. Leikskólarnir hafa átt kost á sömu þjónustu og hafa nýtt sér hana, bæði á Ísafirði og í Hnífsdal. Boltafélag Ísafjarðar hefur fengið frítt í strætisvagninn fyrir iðkendur í íþróttaskóla sínum. Þannig hefur eitt og annað komið bænum og bæjarbúum til góða, þótt ekkert sé um það í samningnum né heldur að bæjaryfirvöld, hinn samningsaðilinn, hafi farið fram á það.

Ég er seinþreyttur til vandræða. Það má meðal annars sjá á því, að ég hef ekki fyrr svarað því skítkasti sem ég hef orðið fyrir á opinberum vettvangi á liðnum árum varðandi akstur fyrir Ísafjarðarbæ. Hins vegar eiga fleiri en ég hlut að þessu máli. Öll bæjarstjórnin, allt bæjarráðið, nefndafólk bæði í meirihluta og minnihluta og starfsmenn bæjarins eiga samkvæmt framangreindum málflutningi að sitja og standa og afgreiða mál eftir mínum vilja. Gefið er í skyn að ég sé óheiðarlegur í starfi mínu sem bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs. Hið sama á að gilda um bæði pólitíska fulltrúa og almenna starfsmenn Ísafjarðarbæjar.

Halda menn virkilega að hlutirnir gangi fyrir sig með þessum hætti? Halda menn virkilega að ég gefi tilskipanir og allir framantaldir afgreiði hlutina eins og ég panti þá? Halda menn virkilega að ég hafi þau völd að ég geti valsað á skítugum skónum í bæjarsjóði og traðkað á hagsmunum bæjarfélagsins? Halda menn að ég myndi vilja slíkt? Halda menn að ég myndi vilja reyna slíkt?

Það eru ekki aðeins bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar og ég sem liggja undir skítkasti og ásökunum um óheiðarleika. Fjölskylda mín hefur einnig

Þröstur Sigtryggsson, fyrrum skipherra, lék lög sín í félagsheimilinu. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Hljómur dragspilsins átti greiða leið að hjörtum hátíðargesta. Mynd: Sigurjón J. Sigurðsson.

Söluborðin skapa skemmtilega stemmningu á Dýrafjarðardögum. Mynd: Sigurjón J. Sigurðsson.

Góður rómur gerður að Dýrafjarðardögum

Sigríður Helgadóttir í Hallargarðinum ásamt listakonunum Maríu Ólafsdóttur og Eddu H. Ársælsdóttur með flókasjöl. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Óhætt er að segja að góður rómur hafi verið gerður að sumarhátíðinni Dýrafjarðardögum sem haldin var um síðustu helgi. Fjölbreytt dagskrá var í boði. Hátíðin hófst með setningu sem Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, leiddi í Félagsheimilinu á Þingeyri og síðan voru haldnir tónleikar í tilefni útkomu geisladisks Þrastar Sigtryggssonar, fyrrum skipherra frá Núpi í Dýrafirði. Þá opnuðu þær María Ólafsdóttir og Edda H. Ársælsdóttur sýningu á verkum sýnum í Hallargarðinum sem samanstóðu af textíl og keramik auk olíumálverka. Þunginn í dagskránni var á laugardag og sunnudag en boðið var upp á margvíslega afþreyingu, m.a. skemmtisiglingar, sjóstangaveiði, hestaleigu, marhnútaveiði, hoppikastala og gönguferð um söguslóðir Gísla Súrssonar, svo fátt eitt sé nefnt. Á laugardagskvöld var svo haldin strandveisla á Þingeyrarodda þar sem var grillað ofan í fjöldann og sungið við varðeld. Loks stóð hljómsveitin Þessir gaurar á stokk og lék fyrir dansi fram á nótt. Óhætt er að segja að Dýrafjarðardagar hafi fest sig rækilega í sessi og séu orðnir fastur punktur í skemmtanaflóru sumarsins á Vestfjörðum jafnt meðal heimanna sem ferðafólks.

– kristinn@bb.is

Víkingar brugðu vopnum sínum á Dýrafjarðardögum. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

orðið fyrir þessu aðkasti. Það hefur vissulega hvarflað að okkur, að hugsanlega væri betra að flytjast burt og finna sér vettvang annars staðar, í umhverfi sem er ekki beinlínis fjandsamlegt.

Ég skil ekki þær síendurteknu árásir og ósanngjörnu ásakanir sem stöðugt eru bornar á mig, fyrirtæki mitt og æru mína, sem og á bæjaryfirvöld og starfsmenn á bæjarskrifstofunum. Samsæriskenningarnar bera vitni um mikið hugmyndaflug. Mér finnst nánast eins og verið sé að gera mig að glæpamanni í augum almennings. Eins og áður segir hafa fjölmiðlarnir hér á svæðinu lapið upp gagnrýnislaust lygar og dylgjur og skítkast frá tilteknum mönnum án þess að hafa nokkru sinni haft samband við mig eða leitað eftir viðhorfum mínum. Þess vegna tek ég nú þann kost að reyna að koma sjónarmiðum mínum á framfæri á eigin spýtur. Ég hef ekki svarað þessu hingað til en núna finnst mér mælirinn einfaldlega fullur.

– Guðni Geir Jóhannesson.

Rekstrarafgangur Súðavíkurhrepps mun minni en áætlað var

Tekjur sveitarfélagsins rúmum 13 milljónum lægri

Ársreikningur Súðavíkurhrepps og stofnana hans fyrir árið 2003 var samþykktur samhljóða að lokinni seinni umræðu á síðasta fundi sveitarstjórnar. Rekstrarniðurstaða Súðavíkurhrepps var jákvæð um 3,7 milljónir króna en í áætlun var gert ráð fyrir að afkoman yrði jákvæð um 29,7 milljónir króna. Heildartekjur sveitarfélagsins og stofnana þess voru 116,2 milljónir króna á síðasta ári og urðu því um 13,3 milljónum króna lægri en reiknað var með í fjárhagsáætlun.

Skatttekjur námu 51,4 milljónum króna en í áætlun var reiknað með 47,6 milljónum. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga urðu hinsvegar mun minni en reiknað var með eða 29,1 milljón króna í stað 40,2 milljóna og aðrar tekjur voru 35,6 milljónir króna í stað 41,6 milljóna eins og áætlað var.

Rekstrargjöld sveitarfélagsins voru 113,2 milljónir króna sem er álíka og reiknað var með í fjárhagsáætlun. Afskriftir námu 10,5 milljónum króna og eru rúmlega 4,3 milljónum

króna meiri en reiknað var með í upphafi. Fjármagnsgjöld námu 11,2 milljónum króna en í áætlun var gert ráð fyrir 20,3 milljónum.

Í árslok 2003 voru skuldir Súðavíkurhrepps og stofnana hans 224,9 milljónir króna og höfðu lækkað um rúmar 5 milljónir króna frá árinu áður. Að frádregnum veltufjármunum námu skuldirnar 121,4 milljónum króna í árslok 2003 og höfðu því lækkað úr 127,9 milljónum króna.

Miklar tilfærslur urðu á eignahlið efnahagsreikningsins en í febrúar seldi hreppurinn hlutabréf sín í Hraðfrystihúsinu - Gunnvöru hf. fyrir 380 milljónir króna. Í framhaldi af því ákvað hreppurinn að leggja 180 milljónir króna í nýtt félag um rekstur rækjuvinnslu í Súðavík.

Skatttekjur Súðavíkurhrepps námu 44,3% af heildartekjum. Framlög Jöfnunarsjóðs námu 25% af heildartekjum og aðrar tekjur voru um 30,7% af heildartekjum. Laun og launatengd gjöld námu 43,8% af heildartekjum og rekstrarniðurstaða var um 3,2% af heildartekjum en í áætlun var reiknað með að sú tala yrði um 22,9% af heildartekjum.

– hj@bb.is

Stórfjölskylda í suðrænu umhverfi í kúluhúsi Ásthildar Cesil og Elíasar Skaftasonar á Ísafirði. Frá vinstri: Isabel, Pablo, Alejandra, Elías, Ásthildur með Isobel Líf, Rolando, Guðrún Olga og Sigurður Erling.

Úr hitabelti að heimska

– Hlynur Þór Magnússon segir frá og ræðir við fjölskyldu sem leitaði friðar á Ísafirði undan ofsóknum fjárkúgara og morðingja í El Salvador (og fann hann)

Í litlu bárujárnsklæddu húsi við Tangagötu á Ísafirði búa hjónin Pablo Díaz Ulloa og Paula Isabel Orellana de Díaz, í daglegu tali nefnd Isabel, ásamt bráðum átta ára gamalli ættleiddri dótturdóttur sem heitir Isabel Alejandra, í daglegu tali kölluð Alejandra. Húsið er gamalt eins og flest önnur við þessa götu – yfir dyrum er ártalið 1898. Húsbóndinn Pablo er liðlega sextugur (segir þó brosleitur að honum finnist hann ekki vera deginum eldri en fertugur) en Isabel varð fimmtíu og þriggja ára á nýliðnum þjóðhátíðardegi Íslendinga. Bráðum þrítugur sonur þeirra hjóna, Pablo Rolando, jafnan kallaður Rolando, hefur þegar stofnað eigið heimili á Ísafirði með íslenskri sambýliskonu, Guðrúnu Olgu Árnadóttur. Þau hafa eignast saman dótturina Isobel Líf Díaz en fyrir á Guðrún Olga son og dóttur. Ísfirðingar og aðrir Vestfirðingar hafa góð kynni af hinum fjölmörgu nýbúum úr ýmsum heimshornum sem sest hafa að í fjórðungnum. Svo er einnig um þessa fjölskyldu, sem hefur að öðru leyti talsverða sérstöðu meðal nýbúanna á Ísafirði. Gamla heimalandið er ekki Pólland eða Tæland eða yfirleitt neitt af þeim löndum sem Íslendingar þekkja vel eða sæmilega, heldur El Salvador í Mið-Ameríku. Ástæðan fyrir komu fjölskyldunnar norður á hjara veraldar er einnig sérstæð: Flótti undan fjárkúgun og morðhótunum glæpagengja sem vaða uppi á þessum slóðum. Aldraðir foreldrar Isabel voru myrtir á hroðalegan hátt af slíkum mönnum og sömu örlög vofðu yfir þeim Pablo og Isabel og fjölskyldu þeirra. Sú saga er öll heldur ófögur.

Milligöngu um komu þessarar fjölskyldu úr hitabeltinu til Ísafjarðar höfðu hjónin Elías Skaftason og Ásthildur Cesil Þórðardóttir á Ísafirði og Rauði krossinn. Ástæðan fyrir því að Elías og Ásthildur beittu sér í málinu er sú, að þau höfðu kynnst fjölskyldunni þegar Arnbjörn Elvar, sonur Elíasar, og Raquel, dóttir Isabel, gengu að eigast sumarið 1999. Ungu hjónin eru búsett í Kópavogi en Raquel er markaðsfræðingur og vinnur hjá Delta. Brúðkaupið var haldið í brúðargarði í El Salvador. Ásthildur og Elías fóru vestur um haf til að vera við athöfnina og náðu strax góðu sambandi við tengdafólkið.

Frétt á bb.is í nóv. 2000

Á fréttavefnum bb.is hinn 28. nóvember árið 2000 birtist eftirfarandi frétt undir fyrirsögninni *Fjölskylda í lífshætta vegna glæpamanna í El Salvador*:

Fyrirspurn hefur borist bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ um möguleika á því að veita fjölskyldu frá El Salvador í Mið-Ameríku liðsinni við að flytjast í bæinn. Hér er um að ræða mann hátt á sextugsaldri, tæplega fimmtuga konu, hálfþrítugan son þeirra og fjögurra ára ættleidda dóttur. Ásthildur C. Þórðardóttir á Ísafirði, sem er í mægðum við þetta fólk, segir í bréfi til bæjaryfirvalda, að fólkinu sé ekki vært í heimalandi sínu þar eð glæpamenn ógni lífi þess. Fólkið er nú í Bandaríkjunum með takmarkað dvalarleyfi, nema sonurinn sem er vegalaus, að sögn Ásthildar.

Í bréfi Rauða kross Íslands til bæjaryfirvalda á Ísafirði segir m.a., að haft hafi verið samband við Rauða krossinn vegna morðhótana sem fjölskyldunni hafi borist og full ástæða sé talin til að taka alvarlega. Þar segir einnig, að fjölskyldan uppfylli ekki skilyrði um pólitískt hæli, vegna þess að það séu ekki stjórnvöld sem ofsæki fólkið.

„Engu að síður er fjölskyldan flóttamenn undan ofbeldi og óstjórn sem því miður er svo víða í heiminum um þessar mundir... Rauði kross Íslands vill því biðja bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ að sýna þessu fólki vinsemd og aðstoða það eins og við verður komið...“

Suðrænn morgunverður við Tangagötu

Skemmst er frá því að segja, að það sem greint er frá í þessari frétt á bb.is gekk eftir og nú hefur fjölskyldan frá hitabeltisríkinu El Salvador fest rætur á Ísafirði á Íslandi. Ég kem í morgunverð til þeirra Isabel og Pablos og Alejöndru í Tangagötunni á laugardagsmorgni ásamt Elsu Arnardóttur, forstöðumanni Fjölmenningarseturs á Ísafirði, sem túlkar samræður og tekur raunar fullan þátt í þeim. Fjölskyldan hefur um dagana ekki talað önnur mál en spænsku og íslenskukunnáttan er komin skammt á veg nema hjá Alejöndru sem er fljót að tileinka

sér málið eins og börnum er lagið.

Með morgunkaffinu ber Isabel fram rjúkandi heitar kökur sem minna í útliti mjög á íslenskar lummur. En þar með er samlíkingunni lokið. Neyslan fer þannig fram, að kökurnar eru opnaðar á brúninni með puttunum og rifnar í sundur líkt og píta. Þá blasir við innbökuð fyllingin sem samanstendur af maís, osti, papriku og baunum. Og ekki nóg með það. Á borðum eru skálar með tvenns konar salötum til að setja einnig inn í kökurnar. Salöt þessi eru gerð úr ýmsum grænmetis- og kryddtegundum og sumum nokkuð kröftugum fyrir íslenska bragðlauka. Önnur salatblandan er með allsterkum chilikeim en hin er öllu mildari og hentari þeim sem eru einkum aldir upp á soðningu og íslenskri kjötsúpu.

Þegar gestur afþakkar sykur í kaffið segir Pablo í gamansömum tón, að Íslendingar séu slæmir viðskiptavinir El Salvador vegna þess að svo margir drekki kaffið ósætt. Reyndar er sykurinn ekki nærri því eins mikilvægur í atvinnulífi þessa jarðyrkjuríkis í Mið-Ameríku og sjálft kaffið en ræktun þess og útflutningur er langstærsta atvinnugreinin í landinu.

El Salvador – þéttbýlt smáríki

El Salvador sem liggur að strönd Kyrrahafs er minnst að flatarmáli ríkjanna í Mið-Ameríku en hið þéttbýlasta þeirra. Landið er um einn fimmti af stærð Íslands en þjóðin er nærri þrjátíu sinnum fjölmennari en Íslendingar. Þetta er eldfjallaland og jarðskjálftar eru tíðir og iðulega mannskæðir. Þjóðin er að langmestu leyti blanda af hinni fornfrægu menningarþjóð Maya-Indíánum og afkomendum Spánverjanna sem settust að á þessum slóðum á tímum landafundanna miklu.

Pólitísk ókyrrð byrjaði í El Salvador laust fyrir 1960. Tveimur áratugum seinna hófst illvíg borgarastyrjöld sem stóð nokkuð á annan áratug og leiddi til mikils fólksflótta. Spilling þrífst í stjórnkerfinu og óaldarflokkar og glæpagengi vaða uppi. Að sögn Pablos er allt falt fyrir peninga, þar á meðal opinberir embættismenn og dómarar. Enn virðist langt í land að ástandið komist í það horf að fólkið búi við sæmilegt öryggi.

Fjölskyldan sem hér um ræðir átti heima í tuttugu þúsund manna bæ eða þar um bil úti á landi. Bæði Isabel og Pablo voru frá þorpum á landsbyggðinni.

Foreldrar Isabel myrtir

Það var í febrúar árið 1993 sem foreldrar Isabel voru myrtir á heimili sínu og jafnframt var stolið þar öllu steini léttara. Faðir Isabel var þá tæplega áttræður en móðirin liðlega sextug. Verknaðurinn komst ekki upp fyrr en tveimur dögum seinna þegar Pablo og bræður Isabel fóru að athuga með hjónin vegna þess að ekkert heyrðist frá þeim og fundu þá líkin. Þetta var óvenjulega grimmilegt morð, jafnvel á þarlendan mælikvarða, og hlaut mikla athygli og umfjöllun í fjölmiðlum (sjá t.d. meðfylgjandi úrklippu úr einu af helstu dagblöðum landsins). Ástæður morðsins voru ekki pólitískar heldur voru fjárkúgarar að verki. Gömlu hjónin höfðu fengið fjárkröfur og hótanir sem þau sinntu ekki og því fór sem fór. Morðingjarnir voru fjórir en aðeins þrír voru handsamaðir. Tveir þeirra hlutu langa fangelsisdóma en tveir morðingjanna ganga lausir.

Til þess að reyna að koma í veg fyrir sakfellingu glæpamannanna var fjölskyldan ofsótt með morðhótunum og ýmsum öðrum hætti til þess að fallið yrði frá málinu. Réttarkerfið í El Salvador mun vera nokkuð frábrugðið því sem Íslendingar eiga að venjast. Stjórnkerfið er spillt og jafnvel morðmálum hættir til að gufa upp ef aðstandendur fórnarlambanna fylgja þeim ekki eftir.

Vegna þessara ofsókna sendu Pablo og Isabel börnin til ættingja í grannríkinu Guatemala til þess að tryggja öryggi þeirra. Systkini Isabel og fleiri ættingjar flúðu land og fóru til Bandaríkjanna en þau Pablo fengu ekki vegabréfsáritun þangað. Þau voru meira og minna á flótta og gistu ýmist hjá vinum eða á hótelum en héldu samt áfram rekstri tveggja veitingastaða sem þau áttu. Þegar þau leituðu síðan til lögreglu og lögðu fram hótunarbréfin sem þau fengu ákváðu yfirvöld að veita þeim vernd. Eftir það höfðu þau um skeið tvo vel vopnaða lögreglumenn sér til verndar nótt sem nýtan dag. Það taldist mjög sérstakt að fá slíka lögregluvernd. Óttinn hvarf ekki en þau hjónin urðu samt rólegri. Þegar frá leið linnti hótununum og þau fengu börnin aftur heim frá Guatemala.

Stundarfriður og nýjar ofsóknir

Síðan liðu nokkur ár í friði og spekt. Isabel hafði umsjón með rekstri veitingastaðanna. Pablo var umboðsmaður fyrir bandarískan vatnshreinsibúnað fyrir heimili og iðnað og hann sækir myndskreytt nafnspjald sem hann geymir til minningar. Hagur þeirra var góður.

En þar kemur að dóttirin Raquel, sem starfaði hjá flugfélagi, kynnist Íslendingnum Hallbirni Elíassyni og þau ganga í hjónaband sumarið 1999 eins og áður segir. Í blöðum var greint frá þessum hjúskap við mann frá framandi og fjarlægu landi. Þegar Evrópumaður á hlut að máli er talið víst að honum fylgi miklir peningar.

Brúðkaup í El Salvador: Brúðhjónin Raquel og Arnbjörn Elvar ásamt Elíasi og Ásthildi og Isabel og Pablo.

Isabel (fyrir miðju) ásamt starfsfólki sínu í öðru veitingahúsanna sem þau hjónin ráku.

Og fjárkúgun og hótanir hófust á nýjan leik. Isabel fékk bréf með kröfum og hótunum: Annað hvort borgaði hún tiltekna fjárhæð eða Pablo yrði drepinn. Isabel borgaði en sagði dóttur sinni ekki frá þessu þá því að hún vildi ekki skemma fyrir henni brúðkaupsferðina. Pablo fékk líka hótanir á sinn vinnustað, bæði hringingar og skilaboð: Ef þú borgar ekki, þá drepum við konuna þína. Sonurinn Rolando fór ekki varhluta af þessu heldur.

Hótanirnar streymdu og fjárkröfurnar hækkuðu og Isabel og Pablo gerðu sér ljóst að þau stæðu ekki undir þessu. Óttinn við að verða að verða myrt eins og foreldrar Isabel ef þau gætu ekki borgað hvíldi á þeim eins og mara. Systkini Isabel sem bjuggu í Bandaríkjunum hvöttu þau til að reyna að koma þangað.

Til Bandaríkjanna og síðan Íslands

Um síðir fengu þau Isabel og Pablo vegabréfsáritun fyrir sig og Alejöndru og þau yfirgáfu El Salvador með það í huga að setjast að í Bandaríkjunum til frambúðar. Reyndar kom Ísland líka til umræðu í þeim efnum vegna tengdasonarins en hitabeltisbúunum í El Salvador hraus hugur við þeim kulda sem vísast ríkti á Íslandinu norður við heimskautsbaug.

Dvalarleyfið í Bandaríkjunum gilti aðeins í sex mánuði og tíminn leið án þess að fjölskyldan eygði von um að fá varanlegt búsetuleyfi þarlendis. Að hluta dvöldust þau hjá systkinum Isabel í Los Angeles og að hluta hjá bróður hennar í New York.

Þegar fimm mánuðir voru liðnir voru þau orðin mjög óróleg og höfðu samband við Raquel og Arnbjörn Elvar sem bjuggu á Íslandi. Upp úr því fóru hjólin að snúast á þann hátt sem greint er frá í fréttinni á bb.is í nóvember árið 2000. Ásthildur Cesil og Elías Skaftason hjálpuðu til við að útvega bæði húsnæði og vinnu fyrir vestan og þau Isabel og Pablo segja einum rómi að milliganga og liðsinni þeirra hafi gert gæfumuninn. „Bæði Ásthildur og Elías og fjölskylda þeirra öll hafa verið eins og frelsandi englar sem björguðu okkur og komu öllu í kring.“

Í nýjum og góðum heimi á Vestfjörðum

Þegar þau hjónin komu til Íslands ásamt þeim Rolando og Alejöndru héldu þau strax vestur á Ísafjörð. Pablo vinnur hjá Fiskvinnslunni Íslandssögu á Suðureyri og hefur verið þar nær allan tímann. Reyndar var hann allra fyrst við störf hjá Elíasi og svolítinn tíma hjá Löndunarþjónustu Magnúsar Haukssonar á Ísafirði. Hann segir mjög gott að starfa hjá Íslandssögu. Isabel var einnig hjá Íslandssögu þangað til í desember á liðnum vetri en núna er hún heimavinnandi og hugsar um manninn sinn og stúlkuna. „Þau eru ekki góðir vinnuveitendur því að þau borga ekkert kaup“, segir hún og brosir.

Öll láta þau mjög vel af dvölinni í nýjum og gerólíkum heimkynnum. Veðurfarið sem þau kviðu? Búin að venjast því! Í El Salvador snjóar aldrei og fjölskyldan hafði aldrei séð snjó fyrr en í New York. Samt er ekkert erfitt að sækja vinnu milli Ísafjarðar og Suðureyrar á hverjum degi þótt um hávetur sé. Isabel keyrði oft sjálf á milli í vetur. Og hvað með sólskin allan sólarhringinn á sumrin? Er ekkert erfitt að sofa í þessari nóttlausu veröld? Nei. Isabel segir að Pablo leggi slæðu eða trefil yfir augun og segi einfaldlega: Nú er komin nótt! Og sofnar síðan bæði fljótt og vel.

Eins og áður segir eru þau Pablo og Isabel aðeins mælandi á spænsku. Þau segja að samt gangi tjáskipti og samskipti á vinnustað og í daglegu lífi bærilega og þeim gangi furðuvel að gera sig skiljanleg á táknmáli. „Fólkið hérna er mjög jákvætt og þolinmótt“, segja þau. Augljóst virðist að líka þau sjálf eru jákvæð og þolinmóð og gera sér far um að samlagast nýju umhverfi. Þau viðurkenna hins vegar undanbragðalaust að þeim þyki íslenski þorramaturinn ekki mjög lostætur og freistandi! Fremur halda þau sig við matargerð að hætti heimalandsins.

Eitt sinn lét Isabel orð falla eitthvað á þessa leið eftir að hún hafði hitt sýslumanninn á Ísafirði einhverra erinda, væntanlega minnug embættismanna í sínu heimalandi: Hér vil ég búa þar sem yfirmaður lögreglunnar er ung kona sem vill gera allt sem hún getur til að veita fólki góða þjónustu.

Ungdómurinn og siðferðið!

En það eru ekki aðeins lofts-

utsbaug

Vecinos de Matrimonio Implicados en Asesinato

Þessi frétt með mynd af þremur af morðingjum foreldra Isabel handjárnuðum saman birtist 27. febrúar 1993 í El Diario de Hoy (Dagurinn í dag), einu af helstu dagblöðum El Salvador.

lagið og maturinn sem eru gerólík á Íslandi og í El Salvador. Siðir og venjur, menning og lífsviðhorf eru líka með öðru sniði. Isabel segir að í El Salvador sé ekki talið í lagi að börn í kringum fermingaraldur séu í kynferðislegu sambandi eins og henni virðist ekki óalgengt hér. Í El Salvador eru stúlkurnar yfirleitt orðnar 18 ára eða jafnvel miklu eldri þegar þær eignast kærasta og fara að stunda kynlíf. Raunar er hún allt að því skelfingu lostin yfir því frjálsræði og agaleysi sem unglingarnir hér búa við í uppeldinu. Henni virðast þeir fá að gera hvað sem þeim sýnist.

Þau Isabel og Pablo stefna að því að búa á Ísafirði til frambúðar og telja meira að segja líklegast að þau eigi eftir að deyja þar í fyllingu tímans. Þau hugsa sér ekki til hreyfings suður eins og svo margur vestra og því síður til útlanda. Á Ísafirði finna þau kyrrð og frið en í Reykjavík virðist þeim nokkur óróleiki. En – það er bara þetta með ungdóminn og siðferðið. Isabel hefur verulegar áhyggjur af Alejöndru í íslensku umhverfi þegar hún kemst á unglingsaldurinn. Kaþólsku ræturnar eru sterkar. Veðráttan er hégómi á móti þessu.

Rolando og Guðrún Olga með litlu dótturina Isobel Líf ásamt syni Guðrúnar Olgu, Sigurði Erling Pétursyni.

Sofa róleg og rík

Þau langar til að geta einhvern tímann skroppið í heimsókn til gamla landsins þar sem kaffið og sykurinn spretta. Þar eiga þau skyldfólk og vandamenn. Þar býr ennþá dóttir Isabel, móðir Alejöndru. Hún var nýorðin ástfangin þegar fjölskyldan flúði land og giftist öðru sinni. „Mér er alveg sama þó að þeir drepi mig, ég fer ekki neitt“, segir Isabel að hún hafi sagt. Isabel segir líka að Alejandra spyrji oft um föður sinn sem hún hefur aldrei kynnst.

Þegar fjölskyldan kom til Íslands var farangurinn einungis þrjár ferðatöskur með fatnaði. Allt annað var skilið eftir heima í El Salvador. Þau höfðu ekki einu sinni með sér persónulega muni eins og fjölskyldumyndir. Þegar þau fóru að heiman voru þau reyndar með fjórar töskur. Ein var full af fötum sem þau ætluðu að afhenda kirkjunni til að gefa fátækum. Síðan varð ruglingur á töskum þannig að kirkjan fékk föt sem þau ætluðu að taka með sér en sjálf komu þau með fötin sem þau ætluðu að gefa.

Heima í El Salvador höfðu þau allt til alls og áttu bæði fallegt hús og peninga. En þar var ekki öryggi og friður.

Á Ísafirði er þessu snúið við. Hér eiga þau einungis gamalt og lúið hús og afgamlan bíl. En þau sofa rótt og finnst þau vera rík.

– Texti: Hlynur Þór Magnússon. Myndir: Birgir Þór Halldórsson og úr einkasafni.

Ísafjörður

Enginn reiðvöllur á Skeiði

Tillögu Hestamannafélagsins Hendingar um að nota knattspyrnuvöllinn á Skeiði fyrir reiðvöll var hafnað á síðasta fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að tillögu Svanlaugar Guðnadóttur, bæjarfulltrúa Framsóknarflokks.

„Ég tel þetta vera í miðri byggð, við verslunarmiðstöð. Enda er skýrt afmarkað svæði fyrir hestamenn í Engidal, þar sem fyrir eru ný hús og fleiri væntanleg í grennd við skipulagðan reiðvöll“, segir m.a. í tillögu Svanlaugar.

Hestamannafélagið Hending sendi erindi til íþrótta- og æskulýðsnefndarinnar í byrjun júní þar sem óskað var eftir heimild til þess að breyta sparkvellinum á Skeiði í æfingavöll fyrir félagsmenn.

– thelma@bb.is

Fimm ungar væntanlegir á Dvalarheimilið Hlíf

Óhætt er að segja að fæðingar séu ekki tíðar á Hlíf, dvalarheimili aldraðra á Ísafirði, en nú eru fimm ungar væntanlegir þar innan skamms. Þrastarpar hefur gert sér hreiður í blómakeri á svölum á setustofu starfsmanna þjónustudeildarinnar. Starfsmennirnir tóku fyrst eftir parinu á þriðjudag í síðustu viku er það var í óða önn að byggja hreiðrið. Á föstudag kom svo fyrsta eggið og nú eru þau orðin fimm. „Okkur finnst mjög skemmtilegt er að þrestirnir hafi kosið þennan stað til að gera sér hreiður en hér er mesti umgangurinn á deildinni og oft mikið skvaldur þegar við erum saman komnar“, segir Heiðrún Björnsdóttir starfsmaður á Hlíf. – *thelma@bb.is*

Þrastarparinu hefur væntanlega þótt vistlegt að skapa ungum sínum heimili meðal blómanna.

Hér sjást fjögur eggjanna í hreiðrinu.

Vegagerðin gerir snjóflóðaskápa á Óshlíð

Verkinu skal lokið í haust

Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í gerð snjóflóðaskápa á Óshlíð. Skáparnir verða með stálþili samtals 190 metrar að lengd og skal verkinu lokið fyrir 15. nóvember. Snjóflóðaskápar eru ekki oft í umræðunni og því ókunnir mörgum. Um er að ræða gryfju sem er grafin í hlíðina og er nokkuð í átt við skáp að lögun, eins og segir í greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur sem kom út í nóvember 2002.

„Góð reynsla er af skápum með eða án hindrunarvegg, einkum af Óshlíð. Skáparnir virka enn betur sé sett hindrun eða veggur fyrir framan skápinn. Talið er að náðst hafi verulegur árangur. Margsinnis hafa flóð komið í gryfjur án þess að þau hafi farið út á veg og lokað honum. Þessi aðferð hentar best þar sem koma að jafnaði lítil snjóflóð. Aðferðin virkar einnig betur þar sem hlíðin er mjög brött,. Skáparnir virka betur gegn votum flóðum en þurrum. Þeir virka þannig að meðaltali betur gegn vorflóðum en flóðum sem falla í vetrarbyljum.“

– hj@bb.is

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUDMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Hafraholt 24: 167 m² raðh. á tveimur hæðum ásamt bílsk. og grónum garði. **Verð 11,2 m.kr.**
Dalbraut 13: 177 m² steinst. einbýlishús á einni hæð með stórum bílsk. **Verð 10,5 m.kr.**
Urðarvegur 24: 240 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innb. bílskúr. **Verð 11,6 m.kr.**
Bakkavegur 4b: 100 m² lítið einbýlishús, að hluta uppgert ásamt nýrri viðbyggingu. **Verð 3,5 m.kr.**
Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. Laust fljótlega. **Verð 3,5 m.kr.**
Miðtún 45: 188 m² fallegt raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 14 m.kr.**
Sunnuholt 1: 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði **Verð 16 m.kr.**
Urðarvegur 76: 196 m² endaraðhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. **Verð 13,2 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:

Silfurgata 11: 125 m² nýlega uppgerð íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi. **Verð 6,8 m.kr**
Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. **Tilboð óskast**
Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 8 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:

Fjarðarstræti 38: 3-4ra herb. íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. **Verð 4,5 m.kr.**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju h. til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

2ja herbergja íbúðir:

Pólgata 4: 76 m² íbúð á jarðhæð í fjórb.húsi. **Verð 2,7 m.kr.**

Nuddstofa:

Sólbaðsstofa með dekuraðstöðu, leiguaðstaða í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, sogæðanuddtæki, Turbo ljósabekkur o.fl. **Tilboð óskast**

Atvinnuhúsnæði:

Silfurgata 6: 98m² verslunarhúsnæði á neðri hæð í tvílyftu húsi. Rekstur Baðstofunnar ehf. er einnig til sölu. **Tilboð óskast**
Hrannargata 2: 164 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. **Verð 4 m.kr.**
Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. **Tilboð óskast**

Suðureyri:

Hjallabyggð 5: 132 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð, fjögur svefnherbergi og þvottahús. **Verð 6,8 m.kr.**
Aðalgata 16: 133 m² uppgert skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 3 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna á árunum 2000-2002

Er landsbyggðarfólk heilbrigðara og reglusamara en höfuðborgarbúar?

Samkvæmt rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna á árunum 2000-2002 er töluverður munur á útgjöldum höfuðborgarbúa annars vegar og íbúa annarra þéttbýlisstaða og íbúa í dreifbýli hinsvegar. Mjög athyglisvert er að skoða mismunandi kostnaðarliði eftir búsetu. Rétt er samt að minna á þá staðreynd að ekki kemur fram í rannsókninni hvort munur er á kaupgetu milli landssvæða og ekki eru magntölur í rannsókninni. Mismunur í útgjöldum getur því falist í dýrari vöru en ekki endilega meira magni.

Landsbyggðarheimilin eyða mun meira í matvörur en íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Hver fjölskylda á höfuðborgarsvæðinu eyðir 480 þúsundum í mat á meðan fólk í öðru þéttbýli eyðir 496 þúsundum og fólk í dreifbýli eyðir 527 þúsundum króna í mat. Dæmið snýst við þegar kemur að drykkjarvörum. Hvort höfuðborgarbúar eru þyrstari en annað fólk skal ekkert um sagt en þeir eyða 70 þúsund krónum árlega í drykki á meðan fólk annars staðar á landinu greiðir 66 þúsund krónur fyrir drykkjarvörur.

Svo virðist sem að búsetu á höfuðborgarsvæðinu fylgi meiri þörf fyrir áfengi og tóbak. Íbúar þar kaupa slíkan varning fyrir 137 þúsund krónur á meðan annað þéttbýlisfólk kaupir fyrir 128 þúsund krónur og fólk í dreifbýli kaupir fyrir 110 þúsund krónur. Þar munar mestu hversu miklu meira fólk á höfuðborgarsvæðinu virðist drekka af áfengum drykkjum eða fyrir um 85 þúsund krónur árlega á meðan fólk í dreifbýli greiðir aðeins 59 þúsund krónur árlega í áfengi.

Hvort föt og skór slitna meira í höfuðborginni eða úrvalið sé meira af slíkum varningi skal ósagt látið en hitt er ljóst að höfuðborgarbúar kaupa föt og skó fyrir 215 þúsund krónur á ári á meðan annað þéttbýlisfólk kaupir fyrir 190 þúsund krónur og fólk í dreifbýli kaupir fyrir 145 þúsund krónur.

Mikill munur er milli landssvæða þegar kemur að húsnæðiskostnaði, hita og rafmagni. Í dreifbýli þarf fólk aðeins að greiða 485 þúsund krónur fyrir þann hluta en á höfuðborgarsvæðinu eru greiddar að jafnaði 774 þúsund krónur fyrir slíkt og í öðru þéttbýli þarf fólk að greiða 624 þúsund krónur. Þar virðist hærri húsaleiga vega þyngst því sá kostnaðarliður er mun hærri í höfuðborginni en annars staðar.

Úr heitu pottunum á Suðureyri. Skyldi þetta fólk eyða minna fé í kaup á áfengi og snyrtivörum en fólkið í pottunum í Laugardalnum?

Búseta á höfuðborgarsvæðinu virðist kalla á tíðari ferðir til lækna og lyfsala því þar greiðir fólk 134 þúsund krónur árlega í lyf og læknishjálp en fólk annarsstaðar á landinu greiðir aðeins 115 þúsund krónur.

Hvar á landinu mest lífshamingja er kemur ekki fram í rannsókninni en svo virðist sem íbúar höfuðborgarsvæðisins þurfi að kaupa sér meiri lífsfyllingu en annað fólk. Á hverju ári greiða þeir 533 þúsund krónur fyrir tómstundir og menningu á meðan fólk í dreifbýli greiðir aðeins 365 þúsund krónur. Í öðru þéttbýli greiðir fólk 493 þúsund krónur fyrir slíkt.

Að búa í fámenninu virðist gera fólk ánægðara með útlit sitt ef marka má rannsóknina. Í dreifbýli greiðir fólk árlega 77 þúsund krónur í snyrtingu, hreinlætis- og snyrtivörur á meðan höfuðborgarbúar greiða 101 þúsund krónur í slíkt árlega.

Það skal ítrekað að varasamt er að draga of miklar ályktanir af þessum tölum en hinsvegar gefa þær auðvitað ákveðna vísbendingu um ólíkt lífsmynstur milli íbúa. – *hj@bb.is*

Framkvæmdum verður lokið áður en skólaganga hefst í haust.

Grunnskólinn á Ísafirði

Múrklæðning endurnýjuð

Framkvæmdir standa yfir við húsakynni Grunnskólans á Ísafirði en verið er að endurnýja múrklæðningu Gagnfræðaskólahússins við Austurveg. Vestfirskir verktakar eru þessa dagana að hreinsa húsið að utan en síðan verður það múrað upp á nýtt.

Að sögn Sigurðar Mar Óskarssonar, bæjartæknifræðins Ísafjarðarbæjar, hefur verkið gengið vel en samkvæmt áætlun á því að vera lokið 20. ágúst, áður en skólahald hefst að nýju. – *thelma@bb.is*

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ á Ísafirði.

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Þorsteinn ráðinn lækningaforstjóri

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ ákvað á dögunum að ráða Þorstein Jóhannesson í starf lækningaforstjóra og Hörð Högnason í starf hjúkrunarforstjóra stofnunarinnar frá 1. júlí.

Störfin voru auglýst laus til umsóknar í apríl og hafa umsóknir síðan verið til skoðunar í matsnefndum. Þorsteinn var eini umsækjandi um stöðu lækningaforstjóra. Hann hefur starfað sem yfirlæknir sjúkrahússins á Ísafirði frá árinu 1990.

Auk Harðar sótti Dagný Hængsdóttir um stöðu hjúkrunarforstjóra og voru þau bæði metin hæf. Hörður hefur starfað sem deildarstjóri og síðar hjúkrunarforstjóri við sjúkrahúsið á Ísafirði. – *hj@bb.is*

Þorsteinn Jóhannesson.

Hörður Högnason.

Ísafjarðarbær framlengir strætósamning án útboðs

„Bæjarsjóður er ekki einka-fyrirtæki bæjarfulltrúa“

– segir Trausti Ágústsson, framkvæmdastjóri Stjörnubíla ehf.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt, að tillögu bæjarritara Þorleifs Pálssonar, að framlengja samning um rekstur almenningsvagna og skólaakstur við Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna ehf. um eitt ár eða til ársloka 2005. Samningurinn var upphaflega undirritaður 31. ágúst 2001 og var með gildistíma til 31. desember 2004. Um er að ræða rekstur almenningsvagna og skólaakstur á Ísafirði og í Hnífsdal og er kostnaður við samninginn rúmar 20 milljónir króna á ári.

Samkvæmt ákvæði samningsins hefur Ísafjarðarbær heimild til að framlengja samninginn um allt að 12 mánuði og þarf að tilkynna verktaka slíkt með sex mánaða fyrirvara.

Í vetur var boðinn út akstur fyrir fatlaða á vegum bæjarins og varð sparnaður bæjarins við útboðið um 45% að því er fram kom í fréttum á þeim tíma. Aðspurður um hvers vegna ekki var gripið til útboðs nú í ljósi sparnaðarins í vetur segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, að undanfarið hafi verið skoðaðar leiðir til sparnaðar í akstrinum með nýju skipulagi. Ekki hafi unnist tími til þess að klára þá vinnu og því hafi bæjarritari gert tillögu um að framlengja samninginn í eitt ár.

Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs og annar eigandi Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna, vék af fundi bæjarráðs á meðan málið var rætt.

Trausti Ágústsson, framkvæmdastjóri Stjörnubíla ehf. á Ísafirði gerir alvarlegar athugasemdir við ákvörðun bæjarráðs og telur hann að með því séu bæjarfulltrúar að færa einum þeirra milljónir sem hægt væri að spara. Samningurinn er við Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna ehf. en annar eigandi fyrirtækisins Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs, vék af fundi á meðan bæjarráð fjallaði um málið.

Í október á síðasta ári sendu Stjörnubílar ehf. bréf til bæjarins þar sem spurst var fyrir um hvenær aksturinn yrði boðinn út næst og ítrekað gildi útboða. Jafnfram létu forráðamenn félagins þess getið í samtali við fjölmiðla á þeim tíma að núverandi samningur væri bænum mjög óhagkvæmur og hægt væri að sinna akstrinum fyrir mun lægri upphæð en greitt er fyrir hann í dag. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 27.október á síðasta ári og svaraði fyrirtækinu að samningar við Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna giltu til ársloka ársins 2004 og einnig væru framlengingarmöguleikar til ársloka 2005 og því taldi ráðið ótímabært að taka ákvörðun um hvenær eða með hvaða hætti efnt yrði til nýs útboðs.

Á fundi bæjarráðs 1. desember á síðasta ári er hinsvegar rætt um erindi Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, þar sem hann óskaði heimildar bæjarráðs til þess að taka upp viðræður um endurskoðun á ákvæðum samningsins sérstaklega hvað varðar kostnað og akstursleiðir. Féllst bæjarráð á þá ósk bæjarstjóra. Í upphaflegum samningi við Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna er heimilt að endurskoða einstök ákvæði hans frá og með 1. júní 2003 enda sé það gert með samþykki beggja samningsaðila. Á mánudag ákvað bæjarráð síðan að framlengja núverandi samning til ársloka árið 2005 að tillögu bæjarritara og er það gert þar sem ekki hafi unnist tími til þess að endurskipuleggja aksturinn með sparnað í huga.

Trausti segist furðu lostinn á ákvörðun bæjarráðs. „Það eru komnir átta mánuðir síðan við minntum bæjaryfirvöld á þetta mál og létum vita að við teldum hægt að spara umtalsvert fé með nýju útboði. Því hefur verið nægur tími til þess að undirbúa útboð ef vilji hefði verið fyrir hendi. Vinnubrögðin við útboð aksturs fatlaðra sýndu hinsvegar að stjórnendur bæjarins eru tilbúnir að ganga mjög langt til þess að hygla sér og sínum. Þar þurftum við að berjast á hæl og hnakka til þess að fá að spara bænum tæpan helming við kostnað þess aksturs. Þá var ein af fagnefndum bæjarins látin búa til þau rök að það væri slæmt fyrir fatlaða að skipt yrði um verktaka. Þá stóðust bæjarfulltrúar prófið og á endanum var tekið lægsta tilboði.“

Trausti Ágútsson.

Trausti segir öllum ljóst sem vilja vita að hægt sé að spara umtalsverðar upphæðir með útboði almenningsaksturs nú. Þar sé um að tefla milljónir króna. „Þetta mál er allt hið undarlegasta. Það eru átta mánuðir síðan við þrýstum á að farið yrði í útboð. Síðan hefur ekkert gerst. Nú þegar bæjarstjórn er farin í sumarfrí er hinsvegar ákveðið mjög skyndilega að taka málið fyrir. Bæjarráð tekur þá ákvörðun að framlengja samning við formann bæjarráðs um eitt ár og með því eru honum færðar milljónir sem hægt væri að spara. Þessa ákvörðun taka aðeins tveir bæjarfulltrúar af níu. Það þætti einhvers staðar lélegt hlutfall við ákvarðanatöku.“

Aðspurður til hvaða ráða fyrirtæki hans gæti gripið sagði Trausti að það yrði skoðað á næstu dögum. „Það er auðvitað mjög undarlega staða sem við erum í. Sveitarfélögin tala um að tekjur dugi ekki fyrir útgjöldum og auka þurfi við tekjustofna þeirra. Þetta mál sýnir hinsvegar að hér á Ísafirði er í það minnsta ekki áhugi á að spara peninga. Mér þykir gengið æði frjálslega um í þessu sambandi. Menn verða að átta sig á því að bæjarsjóður er sameiginlegur sjóður allra bæjarbúa en ekki einkafyrirtæki bæjarfulltrúa.“ – *hj@bb.is*

Línubáturinn Sædís í farþegasiglingar

Línubáturinn Sædís ÍS frá Bolungarvík hefur fengið nýtt hlutverk og flytur nú farþega á Strandir. Sigurður Þ. Stefánsson og Reimar Vilmundarson hófu farþegaflutninga um miðjan júní mánuð og geta tekið tólf farþega en mest er siglt til Norðurfjarðar og Reykjafjarðar.

„Það vantaði bát á svæðið og þetta tengist starfi okkar að því leyti að við höfum báðir tengsl við ferðaþjónustuna, annars vegar í Bolungarvík og hins vegar í Reykjafirði“, segir Reimar skipstjóri. Aðspurður segir hann reksturinn ganga ljómandi vel en þeir hafir fengið bókanir út ágúst.

– thelma@bb.is

Sædísi ÍS hefur verið breytt í farþegabát og fermir nú ferðalanga yfir á Strandir.

Golfmótið Volkswagen Open 2004

Sigurður Fannar sigraði

Sigurður Fannar Grétarsson frá Golfklúbbi Ísafjarðar sigraði með 75 höggum án forgjafar á „Volkswagen open“ mótinu sem haldið var á Tungudalsvelli á laugardag. Alls keppti 51 þátttakandi á mótinu sem haldið var í blíðskaparveðri. Í öðru sæti í A-flokki án forgjafar, með 14.4 í grunnforgjöf eða lægra, varð Birgir Olgeirsson (GBO) með 78 högg og í þriðja sæti hafnaði Haukur Eiríksson (GÍ) einnig með 78 högg.

Í A-flokki með forgjöf, grunnforgjöf 14.4 eða lægra, var Tómas Rúnar Sölvason (GBO) hlutskarpastur eða með 67 högg. Fast á hæla hans kom Bjarni Pétur Jónsson (GBO) með 69 högg og í þriðja sæti varð Gunnlaugur Jónasson (GÍ) með 71 högg. Einnig fór fram punktakeppni í B-flokki, með grunnforgjöf 14.5 og hærri, og hafnaði Hákon Dagur Guðjónsson (GÍ) í fyrsta sæti með 41 punkt. Þröstur Jónsson (GGL) varð í örðu sæti einnig með 41 punkt og í þriðja sæti varð Finnur Magnússon (GÍ) með 39 punkta.

Nándarverðlaun á 6. braut hlaut Gylfi Sigurðsson (GÍ) með 2.06 m frá holu og á 7. braut hlaut Hákon Hermannsson (GÍ) nándarverðlaunin með 3.0 m frá holu. Tómas Rúnar Sölvason (GBO) hlaut nándarverðlaun á 15. braut, 2.36 m frá holu, og á 16. braut varð Rögnvaldur Magnússon (GBO) næstur með 2.27m frá holu.

Styrktaraðili mótsins var bílaumboðið Hekla og var boðið upp á veitingar að mótshaldi loknu.

– thelma@bb.is

Hinn nýi búnaður holræsabílsins í notkun í Holtahverfi.

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf.

Fjárfestir í öflugum hreinsibúnaði

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf. hefur fest kaup á búnaði til hreinsunar á götum og bifreiðastæðum á holræsabíl sinn. Í búnaðinum er háþrýstidæla með 400 bar þrýstingi sem er tengd 13 þúsund lítra vatnstanki bílsins.

Að auki er bílinn sem áður búinn búnaði til þess að dæla úr niðurföllum. Ragnar Kristinsson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustu Vestfjarða. segir búnaðinn gefa möguleika á þrifum á götum og öðrum svæðum á mun skjótvirkari og betri hátt en fram að þessu hefur verið hægt. – *hj@bb.is*

Sigríður Ragna Jóhannsdóttir skrifar

Heilsuefling í Ísafjarðarbæ

Þann 4. mars s.l. var haldinn opinn borgarafundur á sal Menntaskólans á Ísafirði þar sem velt var upp spurningunni hvort gera ætti Ísafjarðarbæ að heilsubæ. Fyrirlesarar voru frá Lýðheilsustöð, ÍSÍ og Heilsubænum Bolungarvík, en einnig fluttu skólameistari MÍ og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar ávörp.

Á fundinum var samþykkt sú tillaga að kjósa níu manna framkvæmdanefnd sem móti stefnu og markmið verkefnisins að gera Ísafjarðarbæ að heilsubæ, til framtíðar ásamt því að gera tillögur um verkefnaval og skipuleggja framkvæmd þeirra á árinu 2004. Jafnframt var samþykkt eftirfarandi ályktun:

,,Fundur áhugafólks um verkefnið Ísafjarðarbær „Heilsubær" hvetur alla íbúa bæjarins til þátttöku í þeim verkefnum sem framkvæmdanefnd heilsubæjarverkefnisins mun standa fyrir í nafni heilsueflingar bæjarbúa".

Framkvæmdanefndin tók fljótlega til starfa og hefur fundað fyrsta mánudag hvers mánaðar en framkvæmdastjórn, sem er skipuð formanni, gjaldkera og ritara nefndarinnar, fundar á hverjum mánudegi. Í stað þess að kalla verkefnið heilsubæ eða heilsubæjarverkefni, höfum við ákveðið kalla það hér eftir **Heilsuefling í Ísafjarðarbæ.**

Hvað er heilsuefling?

Eins og fram kemur á vef Landlæknisembættisins er heilsuefling mjög víðtækt hugtak og nær yfir breitt svið aðgerða sem allar miða að því að hafa áhrif á lífshætti fólks og gera því kleift að lifa heilsusamlegu og heilsueflandi lífi við heilnæmar aðstæður og umhverfi, jafnt félagslega, menningarlega sem efnahagslega. Leitast er við að efla vitund og vilja einstaklinga til þess að viðhalda og auka eigið heilbrigði og vellíðan. Til að svo megi verða þurfa allir í þjóðfélaginu að líta á sig sem talsmenn heilbrigðra lífshátta og stuðla að því að samfélagið verði uppspretta heilbrigðis. Því má segja að heilsuefling sé frekar félagslegt og pólitískt framtak heldur en einungis málefni heilbrigðisþjónustunnar.

Leiðir til heilsueflingar geta verið jafn margar og hugarflugið nær. Þær miða ekki síður að því að efla andlega og félagslega líðan heldur en þá líkamlegu, en allir þessir þættir hafa áhrif á hvern annan. Slökun, jóga, gönguferðir, dans, hópefli, lækkun matarverðs og gerð göngu- og hjólreiðastíga geta sem dæmi verið ákjósanlegar leiðir til að efla heilbrigði okkar og vellíðan.

Umræður um heilsueflingu kalla á ýmsar frekari vangaveltur, meðal annars um skilgreiningar á heilbrigði og vellíðan en sitt sýnist hverjum í þeim efnum. Jafnframt er hægt að velta fyrir sér hugtakinu um heilsulæsi en það fjallar um vitræna og félagslega hæfileika sem ráða því hversu vel einstaklingi gengur að nálgast upplýsingar og nýta sér þær til að efla og viðhalda góðri heilsu.

Er þetta eitthvað nýtt?

Frá örófi alda hefur maðurinn leitað leiða til að viðhalda heilsu og sinni og vellíðan. Í gegnum tíðina hefur hann margt framkvæmt sér og sínum til eflingar. Fyrsta formlega ráðstefnan í nafni heilsueflingar var haldin á vegum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) í Ottawa árið 1986. Síðan þá hefur margvíslegum heilsueflingarverkefnum verið hleypt af stokkunum hérlendis. Má þar nefna Ísland á iði, Íþróttir fyrir alla og Hjólað í vinnuna á vegum ÍSÍ, Heilsuefling á vinnustöðum á vegum Vinnueftirlitsins, Heilsuefling hefst hjá þér, Heilsan í brennidepli og Þjóð gegn þunglyndi á vegum Landlæknisembættisins.

Vorið 1994 hófst einnig samstarfsverkefni Landlæknisembættisins við fjögur sveitarfélög; Hafnarfjörð, Húsavík, Hornafjörð og Hveragerði. Voru bæirnir ýmist nefndir heilsubæir eða H-bæir og unnu þeir að ýmsum verkefnum á sviði heilsueflingar á sínu svæði. Í byrjun ársins 2000 hófst svo öflugt heilsueflingarverkefni í Heilsubænum Bolungarvík. Af þeirra góða starfi má sjá hversu mikil áhrif bæjarbúar sjálfir geta haft á umhverfi sitt og heilbrigði.

Hvað á svo að gera?

Eins og fyrr segir geta heilsueflingarverkefni verið margskonar. Það er ekki ætlun þessarar heilsueflingarnefndar að verða með einhvern hræðsluáróður gegn sjúkdómum heldur verður áhersla lögð á að hafa áhrif á viðhorf bæjarbúa og virkja þá til þátttöku í skemmtilegum verkefnum með það að markmiði að efla hvern og einn. Við leggjum sérstaklega áherslu á að fólk geri sér grein fyrir því hversu mikil áhrif og mikla ábyrgð það hefur í raun á eigin heilsu og vellíðan og viljum að bæjarbúar á öllum aldri njóti til fullnustu alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða.

Sigríður Ragna Jóhannsdóttir.

Innan heilsueflingarnefndarinnar hafa verið stofnaðar nokkrar undirnefndir með þátttöku hinna ýmsu bæjarbúa sem eiga að sjá um skipulagningu og framkvæmd margvíslegra verkefna. Fyrsta má nefna gönguleiðanefnd en að beiðni Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, mun nefndin aðstoða við merkinu gönguleiða í bæjarfélaginu ásamt gerð gönguleiðakorta. Höfum við því fengið til liðs við okkur úrvals útivistarfólk sem allt hefur unnið vel að þessum málum á einn eða annan veg, en að mestu hvert í sínu horni. Með því að ná þessum einstaklingum saman í eina nefnd erum við viss um að vinna þeirra verði markvissari og þá um leið árangursríkari. Auk þessarar miklu vinnu sem framundan er í sambandi við gerð gönguleiðakorta og merkingu gönguleiða er áformað samstarf við Vesturferðir um skipulagningu og leiðsögn gönguferða í bæjarfélaginu.

Næst vil ég nefna svokallaða göngu- og stafagöngunefnd en ætlunin er að fara tvisvar í viku í góðar gönguferðir í skemmtilegum félagsskap. Lagt verður af stað frá íþróttahúsinu á Ísafirði á hverjum mánudegi og miðvikudegi kl. 20 og gengið í u.þ.b. klst. Ég hvet alla til að mæta og spretta úr spori, að ganga í góðum félagsskap er góð alhliða hreyfing og er upplagt að láta félagsskapinn veita sér aðhald. Þeir sem eiga stafagöngustafi eru hvattir til að koma með þá.

Þriðja undirnefndin okkar vinnur svo að bættri líkamsræktaraðstöðu í bæjarfélaginu, í góðu samstarfi við Stefán Dan Óskarsson. Er ætlunin að athuga hvaða leiðir er skynsamlegt að fara í þessum efnum.

Fjórða undirnefnin okkar hefur svo þegar hafið vinnu við gerð rannsóknar í samvinnu við Lýðheilsustöð. Ætlum við m.a. að skoða hvernig íbúar Ísafjarðarbæjar meta heilsu sína, hvernig lífshættir þeirra eru og hvernig bæjarbúar verja frítíma sínum. Rétt er að geta þess að rannsóknin verður að sjálfsögðu á engan hátt persónugreinanleg. Þessi rannsókn gefur okkur bæjarbúum gott tækifæri til að sjá hvernig staðan er hjá okkur í dag. Með því að endurtaka svo rannsóknina að einhverjum árum liðnum getum við séð hvort sú heilsueflingarhvatning sem nú er hafin í bæjarfélaginu hafi haft einhver áhrif.

Af öðrum verkefnum sem verða framkvæmd í nafni heilsueflingar í Ísafjarðarbæ má nefna „Líflega föstudaga" í miðbænum, unnið m.a. í samvinnu við Morrann en ætlunin er að bjóða upp á líflegar uppákomur fyrstu fjóra föstudagana í júlí. Verður bæjarbúum m.a. boðið upp á lifandi tónlist, danskennslu, ávexti, boccia og ýmiskonar leiki.

Þessi grein hefur vonandi kveikt áhuga ykkar lesendur góðir á því fjölbreytta starfi sem framundan er í nafni heilsueflingar í Ísafjarðarbæ. Hér eftir munu birtast reglulega greinar í BB og á bb.is sem fjalla á einn eða annan hátt um heilsueflingu. T.d. verður sagt frá því heilsueflandi starfi sem fyrir er í bænum og því sem starfsfólk hinna ýmsu fyrirtækja gerir til að efla heilsuna og starfsandann. Vonandi gefa greinarnar öðrum hugmyndir að skemmtilegum viðfangsefnum.

Ég vil nota tækifærið og hvetja einstaklinga og forsvarsmenn félagasamtaka og fyrirtækja í bæjarfélaginu öllu til þess að hafa samband við okkur hafi það áhugaverðar hugmyndir að heilsueflandi verkefnum. Það er ekki ætlun nefndarmanna að gera allt sjálfir heldur viljum við miklu frekar fá aðra bæjarbúa til liðs við okkur við skipulagningu og framkvæmd. Einnig viljum við gjarnan fá að benda hinum ýmsu aðilum í bænum á góðar heilsueflandi hugmyndir sem geta svo séð um framkvæmd þeirra í eigin nafni.

Ég vil að lokum geta þess að þetta verkefni áhugafólks um heilsueflingu í Ísafjarðarbæ er hugsað sem langtímaverkefni fyrir alla íbúa bæjarfélagsins, á öllum aldri og því margt eftir að gera. Verkefnið nýtur velvilja bæjaryfirvalda og þeirra sem hafa með heilbrigðismál að gera í bæjarfélaginu. Sýnum samtakamátt okkar í verki, hugum að líðan okkar og njótum lífsins!

Fyrir hönd verkefnisins Heilsuefling í Ísafjarðarbæ, Sigríður Ragna Jóhannsdóttir.

Sölubörn óskast

Sölubörn óskast til að selja BB (Bæjarins besta) á Ísafirði. Um er að ræða afleysingar og fast starf.

Nánari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.

Jet sky til sölu!

Til sölu er Bombardier Sea-Doo GTX 800 Jet sky, 110 hestöfl, gengur 50 mílur. Ný skrúfa. Ný yfirfarið og í toppstandi. Verð ca. 550 þús. kr. Einnig er til sölu þurrbúningur á kr. 30 þús. Kostar nýr kr. 60 þús.

Upplýsingar í síma 693 3547.

Auglýsing

um deiliskipulagsbreytingu á iðnaðar- og athafnasvæði á Langeyri, Súðavík

Súðavíkurhreppur auglýsir hér með breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæði á Langeyri, Súðavík, samkvæmt 1. mgr. 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Um er að ræða eftirtaldar breytingar:

Skipulagssvæðið stækkað til austurs úr 2,8 ha í 2,9 ha. Ný lóð (I-5) fyrir fiskþurrkunarhús (fiskhjalla) komið fyrir austast á svæðinu þar sem áður var grænt opið svæði. Bílastæðum í götu fækkað um þrjú stæði. Útivistarstígur færist til, til samræmis við breytt fyrirkomulag á svæðinu.

Deiliskipulagsbreytingin liggur frammi til skoðunar á skrifstofu Súðavíkurhrepps í Álftaveri, Grundarstræti 3, í Súðavík á skrifstofutíma, alla virka daga frá 7. júlí 2004 til 4. ágúst 2004.

Einnig er hægt að skoða deiliskipulagstillöguna á heimasíðu Súðavíkurhrepps http://www.sudavik.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 18. ágúst 2004.

Skila þarf athugasemdum á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 3, Súðavík.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Súðavík, 1. júlí 2004

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Smáauglýsingar

Fjögurra manna fjölskylda sem er að flytjast til Ísafjarðar í haust, óskar eftir að taka á leigu fjögurra til fimm herbergja íbúð (eða raðhús eða einbýlishús) frá og með september eða október. Vinsamlegast hafið samband í tölvupósti á netfangið gunnharpa@telus.net eða í síma 553 2113.

Til sölu er Graco ungbarnaróla og Britax ungbarna bílstóll. Mjög vel með farið. Upplýsingar í síma 456 7470.

Til sölu er húseignin Hrannargata 8 á Ísafirði sem er 120m² einbýlishús, 5 herbergja. Uppl. gefur Kristján í síma 865 6491.

49 ára, vanur meiraprófsbílstjóri, óskar eftir vinnu. Getur byrjað strax. Uppl. gefur Kristinn í síma 849 5345 og 456 4451.

Til sölu er 2ja ára Comanche tjaldvagn með 4ra manna svefnplássi og stóru fortjaldi. Uppl. í síma 456 4338 og 456 4174.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78 með sérinngangi. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Hlíðarvegi 16, neðri hæð. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Óska eftir ódýrri, lítilli frystikistu eða ísskáp með frystihólfi. Uppl. í síma 695 6939.

Til sölu eða leigu er 2ja herb. íbúð að Engjavegi 33. Upplýsingar í síma 862 1845.

Óska eftir þvottavél, ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 867 5161.

Hjón með tvö börn og hund óska eftir að taka á leigu raðhús eða einbýlishús eða sérhæð á Ísafirði eða nágrenni sem fyrst. Uppl. í síma 896 0130 (Anna).

Til sölu er daxara-kerra, 127 cm á lengd. Uppl. í síma 862 4772.

Til sölu er Jeep Cherokee árg. 87, ekinn 190 þús. km. Uppl. gefur Friða í síma 899 3178.

Lítið notaðar JVC hljómflutningsgræjur fást fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 4108.

Óskum eftir að leiga einbýli eða raðhús á Ísafirði sem fyrst. Fyrirframgreiðsla í boði. Uppl. í síma 856 5740 eða 856 5741.

Til leigu er einbýlishús í Bolungarvík. Uppl. í síma 456 5205.

Laugardaginn 17. júlí verður flóamarkaður og fjör á Silfurtorgi í tengslum við Siglingadaga. Þeir sem vilja mæta á torgið og fá söluborð, eru beðnir að hafa samband við Rúnar í síma 897 6707.

Viltu læra svæðanudd? Uppl. í síma 893 4857.

Vantar beitningarmenn í vinnu. Uppl. gefur Gísli í síma 892 3883.

BB – Smáauglýsingar

Súðavíkurhreppur hyggst bjóða út byggingu einbýlishúsa

Framkvæmdir hefjist í haust

Súðavíkurhreppur hyggst bjóða út byggingu tveggja einbýlishúsa innan skamms. Að sögn Ómars Más Jónssonar, sveitarstjóra, er verið að leggja lokahönd á hönnunarvinnu og í framhaldinu verður ráðist í útboð. „Við erum að horfa á að það verði hægt að hefja framkvæmdir við húsin með haustinu og stefnum á að þau verði tilbúin í febrúar eða mars á næsta ári“, segir Ómar. Aðspurður um hvort hreppurinn hafi kaupendur að húsunum segir hann, að ekki hafi reynt á það á þessu stigi málsins og tíminn verði að leiða það í ljós.

Horft yfir byggðina í Súðavík. *Mynd: Mats.*

Aðspurður um hvort hreppurinn reikni með að selja húsin með tapi segir Ómar að tekið verði á því þegar á reyni. „Ástæðan fyrir því að við förum út í þessar framkvæmdir er að okkur vantar húsnæði. Það er húsnæðisskortur á svæðinu og við þurfum að taka á því þegar þar að kemur hvað fólk er tilbúið að borga fyrir húsin. Við teljum okkur vera að byggja góð og seljanleg íbúðarhús og miðað við þau viðbrögð sem við höfum fengið þá er ég vongóður um að okkur takist að selja a.m.k. annað húsið á skömmum tíma. Þegar að því kemur verður tekið tillit til markaðsverðs á svæðinu og til þeirra viðskipta sem hafa verið með sambærileg hús að undanförnu“, sagði Ómar Már.

Hallvarður Aspelund, arkitekt hjá Tækniþjónustu Vestfjarða á Ísafirði, er hönnuður húsanna sem verða 177 fermetrar að flatarmáli með innbyggðum bílskúr. Húsunum eru ætlaðar lóðið við Holtagötu 8 og 12.

– kristinn@bb.is

Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar skrifar

Lúpína góð þar sem hún á við – skaðræði þar sem hún á ekki að vera

Við höfum mörg okkar hrópað og talað um það hervirki sem er að gerast á Múlanum. Þar sem landslaginu er gjörbreytt og á allann hátt skelfileg aðgerð. Sem við stöndum nú frammi fyrir og ekkert verður að gert nema sætta sig við orðin hlut. En það er annað hervirki að gerast í skóginum okkar, sem fer ekki hátt, og fæstir virðast átta sig á.

Skógurinn á sérstakan sess í hugum Ísfirðinga. Frá upphafi hefur þessi perla verið aðal útivistarsvæði bæjarbúa, samkomustaður og sumarbústaðaland. Þarna hafa menn farið á haustinn til að tína ber og sveppi. En hversu lengi getum við gert það? Það er stór spurning. Nú hafa einhverjir sjálfskipaðir bæjarbúar í kyrrð og ró gróðursett lúpínu í öll auðsvæði í skóginum. Svo að nú blasa allstaðar við bláar breiður.

Ásthildur Cesil Þórðardóttir.

Gróður í skóginum hefur alltaf hingað til verði í jafnvægi. Þar hefur birkið, fjalldrapinn og lyngið verið í aðalhlutverki, með fallegum botngróðri eins og brönugrösum og allskonar smágrösum. Svo hafa verið vinalegir gróðurlausir kollar, sem voru búnir að vera eins frá upphafi. Þetta mun allt breytast.

Vita menn ekki að lúpínan eyðir því sem í kring um hana er. Hún mun flæða yfir allt lyngið, og smágróðurinn, og þar sem hún framleiðir kalk, mun lyngið deyja fyrst. Síðan mun lúpínan flæða svo yfir að ekkert veður eftir nema trjágróðurinn. Eftir x langan tíma mun svo lúpínan deyja út og það mun vaxa gras í slóðina. Það getur síðan tekið nokkur hundruð ár fyrir skóginn að ná aftur fyrra jafnvægi. Er það þetta sem við viljum Ísfrðingar góðir?

Lúpína er góð í uppgræðslu þar sem við á. En að setja hana svona inn í gróið land, þar sem allt er í jafnvægi er jafnmikið hervirki og snjóflóðavörnin á Múlanum, nema ennþá verra, því snjóflóðavörnin er takmörkuð við ákveðið svæði, en maður veit ekki ennþá hve langt lúpínan teygir sig.

Ég vil fara þess á leit að nú þegar verið gerð gangskör að því að útrýma Lúpínunni í skóginum áður en meiri skaði hlýst af henni. Það þarf að eitra fyrir henni, klippa hana niður og eyða sem mestu. Og það ekki seinna en strax.

Með kveðju Ásthildur Cesil.

STAKKUR SKRIFAR

Þjóðaratkvæði eða þingkosningar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Gott veður á Vestfjörðum er gleðiefni, þótt ekki þyki það fréttnæmt, en annað gildir um ýmis konar sprotastarfsemi eins og framtak þeirra Vagnssystra, Soffíu og Ingibjargar sem keyptu heila blokk í Bolungarvík til að leigja ferðamönnum. Vonandi gengur þeim vel og eignast marga ágæta viðskiptavini. Að sjálfsögðu á að auglýsa miklu betur hve góð áhrif fylgja því að dvelja hér vestra og njóta náttúrunnar fjarri ys og þys höfuðborgarinnar. En þar situr einmitt Alþingi og ríkisstjórn. Forsetinn á heimili á Bessastöðum og er þar ríflega helming ársins og gott betur, meira en átta mánuði. Nú verður örugglega breyting á og Íslendingar njóta frekar nærveru hans, þegar hann fer að taka það hlutverk sitt alvarlega að passa nú upp á þingið og ríkisstjórnina, eins og fram hefur komið.

Að vísu geta ferðamennirnir ekki skoðað forsetann alla daga, en geta þá komið vestur á firði í staðinn og skoða fuglalífið og fegurðina um alla Vestfirði og gist í Bolungarvík. Alþingismennirnir ættu sennilega að koma líka í afslöppun í leyfum þingsins, er nú skerðast vegna umræðna um fjölmiðlalögin og þjóðaratkvæðagreiðslu og málþófs. Þau skruppu í nýjan farveg um síðustu helgi og þjóðaratkvæðagreiðslan þar með. En hún hefur verið slegin af nema forsetinn ætli sér að synja staðfestingu þeirra á nýjan leik, en alltaf er verið nálgast mótmæli stjórnarandstöðunnar meir og meir. Sumum þykir ríkisstjórnin of eftirlát henni. Engar komu breytingartillögurnar frá stjórnarandstöðunni meðan málið fékk næst lengstu umræðu nokkurs máls á Alþingi frá upphafi, en þar virtist vera um nokkurs konar upplestrarkeppni að ræða fremur en efnislega umræðu. Fjölmiðlarnir að Morgunblaðinu, Bæjarins besta og Ríkisútvarpinu undanteknum átu allt hrátt upp og nú er þjóðin hlaupin í fótspor þingmanna og hefur engan áhuga á efnisatriðum heldur því hvort hún missi af þjóðaratkvæðagreiðslunni, eins þar sé einhver skemmtun að ganga henni úr greipum.

Endalaust má deila um mál, en það er ljóst að skólakerfið hefur algerlega brugðist við uppfræðslu margra kynslóða, því örfáir, já nánast teljandi á fingrum annarrar handar virðast þekkja þau hugtök sem mest er gasprað með nú í þjóðfélaginu. Fáir virðast vita að lýðveldi er heiti á ríki, sem hefur forseta sem þjóðhöfðingja, en ekki kóng eða hertoga eða hvað kóngafólkið heitir sem Ögmundi Jónasssyni finnst forsetinn dekra of mikið við. Þingræði er einfaldlega það ástand að meirihluti þings standi að baki ríkisstjórnar og því vissulega rétt að velta því fyrir sér hvort forseti sé að berjast gegn því með því að sætta sig ekki við ákvörðun meirahluta þingsins, þótt ekki sé honum ætlaður sá hugsunarháttur hér. Yfir það hlýtur hann að vera hafinn. Enn hefur fosetinn þó ekki svarað spurningunni um viðmið sín og sjónarmið að baki því að synja lögum staðfestingar. Margir bíða svarsins.

Hvort sem þjóðartkvæðagreiðsla verður eða ekki og hún á ekki að verða, þá er ljóst að Íslendingar hafa látið sér duga að kjósa til Alþingis og fá að sjálfsögðu tækifæri til þess áður en lögin umdeildu taka gildi hljóti frumvarpið samþykki í breyttri mynd. Enginn „réttur” hefur verið tekin af neinum. Þjóðaratkvæðagreiðsla er ekki skemmtun fremur þingkosningar. Vonandi ber þjóðin gæfu til að skilja það. En það er gott að hugsa hér fyrir vestan og það ættu fleiri að gera.

Fornleifauppgröftur í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi

Gæti orðið margra ára rannsóknarverkefni

Unnið að uppgreftri í Vatnsfirði. Myndir Finnbogi Hermannsson.

Ragnar Edvardsson, fornleifafræðingar hjá Fornleifastofnun Íslands sem hefur stýrt uppgreftri á víkingaaldarskála í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi, segir að ef áhugi sé fyrir hendi og fjárveitingar fáist geti fornleifauppgröftur í Vatnsfirði orðið margra ára rannsóknarverkefni. Hann segir rannsóknir hafa leitt í ljós að rústasvæðið sé 200 metra langt og hundrað metra breitt svo af nógu er að taka. Grafið var í sporöskjulaga rúst sem var sýnileg í túninu og segir Ragnar það hafa bent mjög sterklega til þess að skála væri að finna þar undir.

„Það er ekki að ástæðulausu að við byrjuðum á skálanum því með honum er staðfest að minjarnar eru frá landnámsöld og síðan getum við notað þær niðurstöður til að hanna frekari rannsóknir. Það hefði verið mikið flóknara að byrja á bæjarhólnum því þar er um að ræða minjar frá þúsund ára tímabili sem liggja í lögum og því um mun umfangsmeiri uppgröft að ræða.“

Skálinn er 19 metrar á lengd og 6 metrar á breidd með langeldi eftir honum miðjum. Ýmsir athyglisverðir munir fundust við uppgröftinn m.a. snældusnúða, tvær perlur, brýni og innflutt Tinna. Ragnar segir um mjög merkilegan fund að ræða og fyrir því megi færa margvísleg rök. Byggðin í Vatnsfirði sé frá landnámi og Vatnsfjörður sé menningarlega mjög mikilvægur staður fyrir Vestfirði. Segja megi að Vatnsfjörður hafi álíka þýðingu fyrir fjórðunginn og Hólar fyrir Norðurland eða Skálholt fyrir Suðurland.

„Þetta gefur góðan grunn að mikilli rannsókn og ég vona að framhald verði á enda hefur Vatnsfjörður ekki eingöngu þýðingu í vestfirsku samhengi heldur fyrir þjóðina alla. Milli 1200 og 1500 er Vatnsfjörður eitt ríkasta býlið á landinu og ef fleiri rannsóknir yrðu gerðar kæmi eflaust upp mikið af munum og við myndum fræðast meira um sögu staðarins og tengsl hans við aðra landshluta“, segir Ragnar.

Hann segir að lengi hafi verið vitað af rústunum í Vatnsfirði og áður hafi verið búið að mæla þær. Í dag pakka fornleifafræðingarnir saman og halda til Reykjavíkur að vinna úr niðurstöðum uppgraftarins. Sjö til átta manns hafa verið við störf síðasta mánuðinn og segir Ragnar hópinn vera himinlifandi með árangurinn. Hann er þó væntanlegur aftur á svæðið seinna í sumar til að gera frekari mælingar og kannanir. Uppgröfturinn var unnin af Fornleifastofnun og er liður í verkefninu Vestfirðir á miðöldum.

Ragnar Edvardsson á fjórum fótum við uppgröftinn.

Greinilega má sjá móta fyrir skálanum.

Fjölmenni fagnaði fertugum Karli Ásgeirssyni, matreiðslumeistara

Karl Ásgeirsson, matreiðslumeistari hjá SKG-veitingum á Hótel Ísafirði, hélt upp á fertugsafmæli sitt með glæsibrag í húsi Oddfellowa á Ísafirði á föstudagskvöld. Eins og hans er vísa var boðið upp á veglegar veitingar sem samanstóðu í bland af því nýjasta frá útlöndum og ævafornum rammíslenskum uppskriftum. Veislustjóri var enginn annar en Hemmi Gunn og fjölmargir kvöddu sér hljóðs til að mæra og hæða afmælisbarnið, eins og siður er. Gestir nutu höfðinglegra móttaka fram eftir kvöldi en þá voru dansskórnir teknir fram og brúkaðir fram á nótt. Birgir Þór Halldórsson leit við í veislunni og tók meðfylgjandi svipmyndir.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Hæg vestlæg eða breytileg átt. Skýjað og þurrt að mestu, en víða bjartviðri austantil á landinu. Hiti 10 - 20 stig, hlýjast austantil.

Horfur á föstudag: Hæg suðlæg átt og smá súld sunnan- og vestanlands, en annars skýjað með köflum og þurrt að kalla. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag: Austan og norðaustanátt og vætusamt, einkum norðan- og austanlands. Hiti 8 til 15 stig, hlýjast suðvestanlands.

Horfur á sunnudag: Austan og norðaustanátt og vætusamt, einkum norðan- og austanlands. Hiti 8 til 15 stig, hlýjast suðvestanlands.

Horfur á mánudag: Austan og norðaustanátt og vætusamt, einkum norðan- og austanlands. Hiti 8 til 15 stig, hlýjast suðvestanlands.

Spurningin

Ertu ánægð(ur) með sjálfsafgreiðsluafslátt bensínstöðva á landsbyggðinni?

Alls svöruðu 391.
Já sögðu 71 eða 18%
Nei sögðu 320 eða 82%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Áskriftarsíminn er
456 4560

Páll Torfi Önundarson, Tómas R. Einarsson og Þórir Baldursson, glaðir í bragði.

Saltfiskkrásir og ljúfir tónar í Neðstakaupstað

Fyrsta saltfiskveisla sumarsins hjá Byggðasafni Vestfjarða var haldin í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á laugardagskvöld. Sú venja hefur skapast að valinkunnar alþýðukokkar ríði á vaðið og síðan taki atvinnumenn við eldamennskunni en stefnt er að þremur veislum til viðbótar í sumar. Í saltfiskveislunum er matreiddur sólþurrkaður úrvalsfiskur af reitunum í Neðstakaupstað. Auk krásanna státa veislurnar af sérlega ljúfri tónlist og voru engir aukvisar á ferð í hljómsveit Páls Torfa Önundarsonar, læknis og samverkamanns Jóns Sigurpálssonar safnvarðar úr hljómsveitinni Diabolus in musica, sem er vel kunn saltfiskveislugestum. Tómas R. Einarsson sá um bassaleik og Jóhanna Þórhallsdóttir söng en Þórir Baldursson kitlaði nótnaborðið.

– *kristinn@bb.is*

Hjónin og hótelstjórarnir á Hótel Ísafirði, Áslaug Alfreðsdóttir og Ólafur Örn Ólafsson létu sig ekki vanta í saltfiskveisluna.

> RÚV: 9. júlí kl. 23:35

Morðæði Alfreds Hitchcock

Bíómyndin Morðæði segir frá því er stórtækur morðingi gengur laus í London og kyrkir konur með hálsbindi. Eftir að fyrrverandi eiginkona Richards Blaneys er myrt á hrottalegan hátt grunar lögreglan hann um morðin. Richard leggur á flótta og er staðráðinn í að sanna sakleysi sitt með einhverjum ráðum. Aðalhlutverk leikur Jon Finch.

> Stöð 2: 9. júlí kl. 23:15

Stóra plottið

Stóra plottið segir frá Brian sem er handritshöfundur og framleiðandi sjónvarpsþáttar. Fram undan er mjög spennandi verkefni en gallinn er bara sá að Brian er með ritstíflu. Mitt í ógöngum sínum verður hann vitni að sérkennilegum ástarfundi á hótelsvölum sem verður kveikjan að athyglisverðum söguþræði fyrir sjónvarpsþátt. Aðalhlutverk: Stephen Rea.

> Sýn: 11. júlí kl. 19:50

Brasilía tekur á móti Kostaríka

Það er komið að liðsmönnum brasilíska knattspyrnulandsliðsins að sýna öðru sinni hvað í þeim býr. Tveir leikir eru í beinni á Sýn í kvöld í keppninni um Suður-Ameríkubikarinn. Heimsmeistarar Brasilíu leika við Kostaríku og strax á eftir mætast Paragvæ og Chile en allar þjóðirnar eru í C-riðli. Samba-knattspyrna hjá Roberto Carlos og félögum í kvöld.

Guðfinna Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur, og Ingunn Ósk Sturludóttir, söngkennari, í hrókasamræðum við Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara MÍ, og eiginmann hennar Sigurð Pétursson, sögukennara.

Jón Sigurpálsson, safnvörður, þykir standa sig sérstaklega vel í hlutverki vertsins. Hér er hann ásamt Jóhönnu Þórhallsdóttur, söngkonu.

Hjónin Jón Friðgeir Einarsson og Margrét Kristjánsdóttir. Til hægri sést í Hildi Einarsdóttur.

> Stöð 2: 10. júlí kl. 21:25

Gengi í New York

Stórmyndin Gangs of New York var tilnefnd til 10 Óskarsverðlauna. Hún gerist um miðja 19. öld þegar ófriðasamt var í New York. Samkomulag innflytjenda var í molum og átök blossuðu gjarnan upp. Í einum bardaganum börðust klíkuforingjarnir Bill og Vallon og svo fór að sá síðarnefndi féll í valinn. Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio.

Sælkeri vikunnar

er Sólveig Sigurðardóttir í Bolungarvík

Stjarna Indlands

Sælkeri vikunnar að þessu sinni bíður upp á létta en bragðmikla rétti sem hafa á sér yfirbragð framandi landa. Annars vegar er um að ræða indverskan pottrétt og hins vegar djúpsteikt blómkál. Sólveig segir þetta frábæra rétti sem hægt er að undirbúa fyrirfram og þarf því ekki að taka mikinn tíma að matreiða þegar á hólminn er kominn.

300 g rækjur
1 laukur
30 g smjör
2-3 tsk karrí
1 epli í teningum
1 græn paprika í teningum
½ dl vatn
½-1 teningur fiskkraftur
½ msk tómatsósa
¼ l rjómi
¼ tsk paprikuduft
½ tsk salt
2-3 dl hrísgrjón soðin eftir leiðbeiningum á umbúðum (mér hefur reynst best að nota Tilda basmati)

Saxið laukinn smátt og látið krauma í smjörinu. Bætið karríi út í og látið krauma í eina mínútu. Látið epli og papriku út í og látið sjóða við vægan hita undir loki í 10-15 mínútur. Bætið vatni, tómatsósu og fiskkrafti saman við og sjóðið í 2-3 mínútur. Bætið rjómanum við og sjóðið í 5 mínútur. Látið rækjurnar út í heita sósuna og hitið – ekki sjóða.

Berið fram með hrísgrjónum og ristuðu brauði.

Djúpsteikt blómkál með gráðostasósu

1 blómkálshöfuð skipt niður í minni bita
2 ¾ bollar hveiti
4 dl bjór
¼ bolli matarolía
3 egg aðskilin
salt á hnífsoddi
1 tsk múskat
olía til steikingar

Sósa

3 bollar rjómi
2 laukar saxaðir
1 pressaður hvítlauksgeiri
1 tsk múskat
200 g rifinn gráðaostur
100 g smjör í bitum, vel kalt
2 msk klipptur graslaukur

Sjóðið blómkálið í léttsöltu vatni í u.þ.b. 7 mínútur. Látið leka vel af því og blandið saman hveiti,bjór, olíu,eggjarauðum og múskati. Þeytið hvíturnar með saltinu og blandið þeim varlega í hveitiblöndduna. Hitið olíuna,dýfið blómkálinu í deigið og djúpsteikið þar til það er orðið stökkt. Setjið á eldhúspappír.

Látið rjómann krauma í u.þ.b 5 mínútur og hrærið í öðru hverju.Blandið lauk, hvítlauk og múskati í og kælið örlítið.

Setjið í blandara. Bætið gráðaostinum saman við og blandið þar til hann hefur jafnast vel út. Hafið blandarann í gangi og setjið eina og eina smjörklípu út í og hrærið vel á milli þar til sósan er orðin þykk og jöfn. Bætið meiri gráðaosti í ef þarf og blandið graslauknum saman við.

Setjið sósuna í skál á miðjan disk eða fat og raðið blómkálinu í kring. Með báðum réttunum er gott að drekka kalt hvítvín.

Ég skora á vinkonu mína Björgu Hildi Daðadóttur að vera sælkeri næstu viku.

Þarftu að auglýsa fyrir verslunarmannahelgina?
Hafðu samband í síma 456 4560

Skemmdarvargar á ferð

Skemmdarverk voru unnin í Vestfjarðagöngunum á sunnudag þegar slökkvitæki var fjarlægt og einn af svokölluðum gátskjöldum sem standa meðfram veginum var skemmdur. Þetta er meðal þess sem kemur fram í dagbók lögreglunnar á Ísafirði fyrir síðustu viku. Lögregluembættin á Vestfjörðum og í Búðardal unnu saman að eftirliti um allt svæðið og er ekki annað að sjá en vel hafi gengið, að sögn Önundar Jónssonar, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á Ísafirði. Hann segir undantekningar hafa verið þar á en nokkrir ökumenn fóru fullhratt um Djúpveg og voru 12 kærðir í vikunni fyrir of hraðann akstur. Sá sem hraðast ók var tekinn á 130 km/klst. Þrír árekstar urðu í umdæminu og hlutust af smávægileg meiðsli í tveimur þeirra. Þá var ekið á lamb.

Sigurður sigraði

Sigurður Fannar Grétarsson frá Golfklúbbi Ísafjarðar (GÍ) sigraði á Bjarnabúðarmótinu í golfi sem Golfklúbbur Bolungarvíkur hélt á Syðridalsvelli á sunnudag. Á þriðja tug kylfinga mættu til leiks og léku 18 holu höggleika, með og án forgjafar. Sigurður Fannar lék á 77 höggum, Gunnar Már Elíasson úr Golfklúbbi Bolungarvíkur (GBO) varð annar á 81 höggi og Birgir Olgeirsson (GBO) varð þriðji á 83 höggum. Högni Gunnar Pétursson (GÍ) varð hlutskarpastur þegar tekið hafði verið tilllit til forgjafar á 61 höggi, Benedikt Guðmundsson (GBO) varð annar á 62 höggum og Jón Þorgeir Einarsson (GBO) varð þriðji á 67 höggum. Anna Ragnheiður Grétarsdóttir (GÍ) sigraði í kvennaflokki með forgjöf en hún lék á 75 höggum. Högni Gunnar Pétursson (GÍ) varð sigraði í unglingaflokki og lék á 61 höggi en Elías Jónsson (GBO) varð annar á 82 höggum.
Þá vann Kristinn Gauti Einarsson (GBO) nándarverðlaun á 3./12. holu og Finnur Magnússon (GÍ) hlaut nándarverðlaun á 5./14. holu.

Afmæli

Sextug

Elínóra Guðmundsdóttir, Unnarstíg 8 á Flateyri verður sextug 13. júlí nk. Af því tilefni tekur hún og börn hennar á móti ættingjum og vinum á heimili sínu föstudaginn 16. júlí kl. 17-21.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn

Ofanflóðasjóði ekki unnt að kaupa upp félagslegar íbúðir á snjóflóðahættusvæði á Árvöllum í Hnífsdal

Fallist á uppkaup þriggja húsa

Ofanflóðasjóði getur ekki orðið við beiðni Ísafjarðarbæjar um stuðning vegna uppkaupa á fasteignum í eigu sveitarfélagsins að Árvöllum í Hnífsdal. Þetta kemur fram í bréfi Magnúsar Jóhannessonar, ráðuneytisstjóra Umhverfisráðuneytisins til Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Ráðuneytið fellst aftur á móti á uppkaup á þremur húseignum á Árvöllum sem eru í eigu einstaklinga. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fól bæjarstjóra að taka málið upp við Ofanflóðasjóð.

Ísafjarðarbær óskaði eftir því við Ofanflóðasjóð að húseignir á snjóflóðahættusvæði á Árvöllum yrðu keyptar upp en samkvæmt frumathugun VST sem kynnt var í apríl yrðu varnir mun dýrari en uppkaup. Heildarverðmæti eignanna miðað við fasteignamat er áætlað 135 milljónir króna.

Á síðasta áratug voru keyptar upp húseignir í Teigahverfi ofan Árvalla en samkvæmt þágildandi hættumati var ekki talin ástæða til uppkaupa á Árvöllum. Samkvæmt nýju hættumati falla Árvellir undir svokallað hættusvæði C en samkvæmt lögum er skylt að kaupa upp eða verja allar íbúðir sem falla undir þá skilgreiningu. *– kristinn@bb.is*

Horft yfir norðanverðan Hnífsdal. Húsin á Árvöllum sjást á vinstri hönd en Teigahverfi er hægra megin.

Útgerðir 84 smábáta á Vestfjörðum

Laga sig að breyttu kerfi

Fiskistofa sendi eigendum sóknardagabáta bréf í síðustu viku sem innihélt upplýsingar um væntanlegt krókaaflamark og fór bréfið til 291 útgerðar, að því fram kemur á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda. 84 bátar á Vestfjörðum eru skráðir í sóknardagakerfið sem senn verður aflagt og þurfa útgerðir þeirra því að laga sig að breyttu umhverfi. Flestir bátanna eru skráðir í Ísafjarðarsýslum eða 37.

Á heimasíðu sambandsins kemur fram að 248 sóknardagabátar taki upp krókaaflamark frá 1. september en 43 útgerðum er veittur aðlögunartími að kerfinu í eitt eða tvö ár og fá því tækifæri til að byggja upp aflareynslu með því að gera út á 18 sóknardaga hvort ár. Samkvæmt útreikningum sambandsins verða aflaheimildir hvers báts að meðaltali 33,4 tonn ef miðað er við að 9.800 tonn komi til úthlutunar samkvæmt þorskveiðiheildum þessa árs. *– kristinn@bb.is*

Velheppnaðir Dýrafjarðardagar

Óhætt er að segja að góður rómur hafi verið gerður að sumarhátíðinni Dýrafjarðardögum sem haldin var um síðustu helgi. Fjölbreytt dagskrá var í boði og skemmtu allir sér hið besta. Þessi ungi piltur var að láta mála andlit sitt og virtist líka vel.

Sjá nánar á bls. 9.

Breytingar á lánareglum hjá Íbúðalánasjóði

Hafa ekki sérstök áhrif á Vestfjörðum

Guðmundur Óli Tryggvason, hjá fasteignasölu Tryggva Guðmundssonar á Ísafirði, segist ekki reikna með að breytingar á lánareglum Íbúðalánasjóðs, sem tóku gildi í síðustu viku, hafi sérstök áhrif á fasteignamarkað á Vestfjörðum en almennt telur hann þær jákvæðar.

„Þetta þýðir betri lánakjör fyrir kaupendur og minni áhættu fyrir seljendur þar sem afföll og yfirverð húsbréfa eru úr sögunni“, segir Guðmundur Óli.

Breytingarnar voru kynntar fyrir fasteignasölum fyrir stuttu. „Nú fá seljendur fasteigna peninga greidda beint inn á bankareikninga sína við sölu í stað þess að fá afhent húsbréf. Ákveðið hefur verið að vextir nýju ÍLS veðbréfanna, sem koma í stað hinna gömlu fasteignaveðbréfa, yrðu 4,8% þennan mánuðinn en vextirnir geta breyst mánaðarlega“, segir Guðmundur Óli en vextir fasteignaveðbréfanna voru 5,1% fyrir breytingarnar.

Húsbréfakerfið leggst því af en Íbúðalánasjóður mun hefja sölu á svokölluðum íbúðabréfum um miðjan júlí til að fjármagna húsnæðislánakerfið. Áhugasömum er bent á að nánari upplýsingar um breytingarnar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.